

Úttekt á starfsemi  
Fjölbrautaskólans í Breiðholti  
mars - apríl 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Hitt og Þetta ehf.

Jón Bergsson

Guðrún Helga Sederholm

Kópavogur, 22. maí, 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

 Hitt og Petta ehf

Ráðgjafarþjónusta

Víðigrund 61, 200 Kópavogur

Sími 5544873 – 8645622

Kt. 560896 – 2989

[www.hittog.com](http://www.hittog.com)

## Efnisyfirlit

<b>Heildarmat .....</b>	<b>1</b>
<b>Inngangur.....</b>	<b>2</b>
Markmið úttektar.....	2
Framkvæmd.....	2
<b>Skólinn.....</b>	<b>4</b>
Stutt lýsing á Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.....	4
Skólastefna og áherslur skólans .....	8
Stjórnun og skipulag.....	11
Ytri tengsl.....	15
Tillögur.....	17
<b>Skólanámskrá .....</b>	<b>18</b>
Almennur hluti og námsbrautalýsingar .....	18
Inntökuskilyrði .....	20
Skipulag skólastarfsins .....	22
Tillögur.....	26
<b>Kennsla, námskröfur og námsmat.....</b>	<b>27</b>
Kennsla.....	27
Námskröfur og námsmat .....	28
Tillögur.....	29
<b>Félagslegt umhverfi .....</b>	<b>30</b>
Skólabragur .....	30
Námsráðgjöf og stuðningur við nemendur.....	31
Einelti í skólanum.....	32
Nemendafélag.....	32
Forvarnarstarf .....	33
Tillögur.....	33

<b>Stoðþjónusta .....</b>	<b>34</b>
Ráðgjöf og stuðningur .....	34
Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku .....	35
Tillögur .....	36
<b>Mat á skólastarfi.....</b>	<b>37</b>
Innra mat og umbótastarf .....	37
Ytra mat.....	39
Tillögur.....	39
<b>Niðurstöður höfunda.....</b>	<b>40</b>
Styrkleikar og veikleikar .....	40
Styrkleikar .....	40
Veikleikar .....	41
Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	42
<b>Heimildir .....</b>	<b>44</b>



## Heildarmat

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er fyrsti fjölbrautaskóli landsins. Hann er áfangakerfisskóli sem býður nám á bóknáms-, verknáms- og listnámsbrautum. Skólanum hefur tekist að halda virkri tengingu þessara brauta frá stofnun til dagsins í dag. Aukið menntunargildi felst í því að við skólann er starfsnámsbraut og innflytjendabraut með virkar tengingar við almenna nemendur.

Skólinn býr nemendur undir þátttöku í nútímaþjóðfélagi meðal annars með fjölbreytileika í nemendahópnum, fjölbreyttu námsframboði um leið og áhersla er lögð á víðsýni og sjálfstæð vinnubrögð sem speglast í kennsluháttum og samskiptum innan hans.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir tók við stöðu skólameistara 1. ágúst, 2009 og hóf þá strax mjög öflugan stefnumótunarvinnu með kennurum, starfsfólki og nemendum skólans. Nemendur nýttu sér ekki aðkomuna að þessari vinnu eins vel og hún hefði kosið en engu að síður bauðst þeim að vera með. Vinnuálag á kennara jókst en allir eru þeir sammála um að vel hafi tekist til og bera mikið traust til skólameistara og líta bjartsýnir framávið.

Skólameistari bjó til stöður sviðsstjóra þriggja sviða, bóknámssviðs, heilsusviðs og lista- og byggingarsviðs til þess að tryggja að rödd kennara heyrðist í yfirstjórn skólans. Stöðurnar eru í þróun en þetta sýnir vilja skólameistara til lýðræðislegrar stjórnunar skólans.

Framundan er vinna við nýjar námsbrautalýsingar, frekari virkni gæðaráðs og aðrar breytingar sem lög um framhaldsskóla frá 2008 kveða á um þó stórt skref hafi þegar verið stigið bæði í átt að lögum og breyttu vinnulagi stjórnenda og kennara.

Mikilvægt er að halda vel utanum nemendur, á markvissan hátt, svo þeir hverfi ekki í fjöldann, sérstaklega þegar nemendahópar hafa verið stækkaðir vegna takmarkaðs fjármagns til skólans.

Einnig er mikilvægt að beina, reglubundið, sjónum að áhrifum innflytjendabrautar í þeim tilgangi að sporna gegn fordómum en leyfa þeim ekki að grafa um sig í skólanum.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti virðist vel rekinn skóli, trúr upphaflegum markmiðum um fjölbreytt námsframboð, góð samskipti og virðingu fyrir einstaklingum.



## Inngangur

### Markmið úttektar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (hér eftir ráðuneytið) sendi Hitt og Þetta ehf ([www.hittog.com](http://www.hittog.com)) „Erindisbréf vegna úttektar á starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti“ (hér eftir FB eða skólinn), þann 24. febrúar 2011. (MMR11010285/6.14.3-). Þar segir meðal annars:

„Úttektin er gerð á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni skal m.a. lögð áhersla á eftirfarandi: Stjórnun, kennslu, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, starfsanda, viðhorf nemenda, starfsfólks og nærsamfélags til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt skal lagt mat á hvernig innra mat skólans nýtist skólanum, sérstaklega með tilliti til umbótastarfs.“

Úttektin skal unnin á tímabilinu febrúar 2011 til maí sama ár, og byggja á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við skólameistara, aðra stjórnendur og fulltrúa kennara, annars starfsfólks, nemenda, foreldra og skólanefndar. Úttektarskýrslu skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 23. maí 2011, og í henni skal gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins og setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur að aðgerðum til úrbóta. Áður en úttektarskýrslu er skilað skal gefa skólameistara og formanni skólanefndar tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir við lokadrög skýrslunnar, en úttektaraðilar meta hvort tillit er tekið til athugasemda við lokagerð skýrslunnar.

### Framkvæmd

Í úttektinni var farið eftir skilgreiningu á umfangi, markmiðum, viðföngum, tímasetningu, og skilakröfum eins og sett er fram í erindisbréfi ráðuneytisins og fylgiskjali. Byggt var á skipulögðum viðtölum og rýni gagna. Allar niðurstöður í úttektinni eru því byggðar á staðfestum og rekjanlegum gögnum og orðrétt skráðum viðtölum við viðmælendur.

## Hitt og Þetta ehf.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti var heimsóttur og viðtölin fóru þar fram sem einstaklingsviðtöl í einrúmi og þátttakendur gáfu góðfúslega leyfi til upptöku viðtalanna. Viðtölin voru rituð um leið og þau fóru fram en upptökur notaðar við lokafrágang til að tryggja réttmæti. Tveir úttektaraðilar voru í viðtölunum, spyrill og ritari. Sami viðtalsvísir var notaður í öllum viðtölunum til að tryggja samræmi í spurningum sem lagðar voru fyrir viðmælendur, en í þremur útgáfum: Fyrir stjórnendur og kennara, fyrir nemendur og foreldra, og fyrir starfsfólk. Einstaklingar innan sama hóps fengu jafnlangan tíma í viðtali til að tryggja jafnræði.

Eigindleg aðferð (Qualitative research) var notuð til að greina áhersluþætti í viðtölunum og dregin var fram orðrétt frásögn í texta innan gæsalappa í skýrslunni til að auka trúverðuleika.

Tekin voru viðtöl við skólameistara, áfangastjóra, formann skólanefndar og fulltrúa starfsmanna, kennara, nemenda og foreldra nemanda yngri en 18 ára. Alls voru tekin nítján viðtöl.

Allir þátttakendur tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti okkar fyrir samvinnuna.

Úttektarskýrslunni er skipt í nokkra meginkafla um *skólann*, *skólanámskrá*, *kennslu/námsmat/námsárangur*, *félagslegt umhverfi*, *stoðþjónustu* og *mat á skólastarfi*. Í lok hvers undirkafla er *mat okkar* og í lok hvers meginkafla eru *tillögur*. Þannig er reynt að lýsa, greina og meta alla þætti skólastarfsins eins og kostur er. Aftast í skýrslunni eru *niðurstöður höfundu* flokkaðar í styrkleika og veikleika og *tillögur að aðgerðum til úrbóta* og *heimildaskrá*. Fremst í skýrslunni er *heildarmat úttektaraðila* dregið saman.

## Skólinn

### Stutt lýsing á Fjölbrautaskólanum í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (hér eftir FB) var stofnaður 4. október 1975. Hann var fyrsti fjölbrautaskóli landsins og jafnframt fyrsti framhaldsskólinn þar sem verknámi og bóknámi var gert jafnhátt undir höfði. Þetta voru því ákveðin tímamót í íslenskri skólasögu. Skólinn átti að veita nemendum réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfum í ýmsum starfsgreinum. Hugmyndin var að „blanda öllum nemendum saman“ í þeim greinum sem allir tækju. Haustið 1976 var tekið upp áfangakerfi í skólanum og varð FB annar skólinn hér á landi til að taka upp slíkt kerfi og fyrstur framhaldsskóla til að skipuleggja verknám samkvæmt áfangakerfi. Kvöldskóli FB hefur starfað frá árinu 1981 og Sumarskólinn í FB frá 1990. FB átti 30 ára afmæli árið 2005 og var þá gefið út veglegt afmælisblað þar sem saga skólans er rakin og hér er stuðst við (1). Á þessum 30 árum störfuðu aðeins tveir skólameistarar við skólann. Í skólanámskrá FB frá ágúst 2010 er sagt að „skólinn hafi frá upphafi verið í fararbroddi skóla er vinna að virkri tengingu bóknáms, verknáms og listnáms á framhaldsskólastigi“ (2).

Skólahús FB er við Austurberg 5 í Breiðholti, íþróttahúsið við Austurberg 3 við hliðina á sundlauginni og skólasmiðjan er við Hraunberg 8. Milli aðalbygginga og smiðju eru um 360 metrar og til íþróttahúss um 176 metrar. Vegalengdir milli bygginga eru ekki óyffirstíganlegar en skipta þó máli, að sögn skólameistara (10).

Byggt hefur verið við skólann í áföngum síðan 1975 og var síðasta nýbygging við skólann tekin í notkun í ágúst 2009. Í elsta húsinu, kallað Suðurland, eru í dag félagsgreinar, starfsdeild, erlend tungumál, íslenska og sjúkraliðadeild. Kennsla hófst í næsta áfanga, Norðurlandi, haustið 1977. Þar eru tölvustofur, rafiðnaðardeild, raungreinar, stærðfræðideild, snyrtideild, teiknistofur tréiðnaðardeildar og textílideild. Brúarland er frá 1983 og tengir Norðurland við Suðurland. Þar er nú stjórnunaraðstaða, bókasafn, kennarastofa og tveir fyrirlestrarsalir. 1976 var Skólasmiðjan við Hraunberg tekin í notkun og í dag er tréiðnaðardeildin þar með um 800 fermetra og myndlistardeild með um 200 fermetra. Í ágúst 2009 var síðasta nýbygging við skólann tekin í notkun. Á fyrstu hæð er mötuneyti nemenda sem jafnframt er fjölnotasalur. Á annari hæð er fundarherbergi og sex almennar kennslustofur, þar af ein fyrir starfsdeildina. Á þriðju hæð eru sex kennslustofur fyrir listnámsdeildina. Íþróttahúsið er frá 1991 og stendur við hliðina á sundlauginni, Breiðholtslaug, sem var tekin í



notkun árið 1977. Heildarflatarmál bygginga skólans að frátöldu íþróttahúsinu eru um 12.000 fermetrar (10).

Sumarið 2010 var kennsluhúsnaði húsasmíðadeildar við Hraunberg endurgert á vegum Fasteigna ríkissjóðs, og virðist almenn ánægja ríkja hjá nemendum og kennurum með aðstöðuna. Skrifstofuaðstaða námsráðgjafa og tölvustofur voru einnig endurbættar (3). Rafiðnarardeildin er sú stærsta á landinu, í kvöldskóla og dagskóla, og er ágætlega tækjum búin. Góð tengsl eru við atvinnulífið sem styrkir deildina með tækjum og tólum.

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara var gerð úttekt á húsnaði skólans í mars 2011. Í ljós kom að engin kennslustofa er stærri en 58 fermetrar. Flestar eru þær 48 fermetrar og samkvæmt viðmiðum ættu ekki að vera fleiri en 25 nemendur í 60 fermetra stofum. Í dag eru allt að 34 nemendur í þessum kennslustofum og má því segja að þröngt sé um starfsemi skólans (10).

FB er fjölbrautaskóli með áfangakerfi. Hlutverk skólans er kennsla á bók-, list- og verknámsbrautum. Lokapróf frá skólanum eru stúdentspróf af félagsfræðibraut, málabraut, náttúrufræðibraut, íþróttabraut og viðskipta- og hagfræðibraut, og stúdentspróf að loknu starfsnámi. Þá er hægt að útskrifast með burtfararpróf í húsasmíði, rafíðngreinum og snyrtifræði, og með próf af myndlistar- og handíðabraut og sjúkraliðanámi. Á sviði námsstuðnings býður skólinn fjögurra ára nám á starfsbraut, nám á innflytjendabraut og frá hausti 2010 nám til framhaldsskólaprófs, sem er fyrir þá sem ekki hafa nægan undirbúning til að fara í verknám eða bóknám. Nám á námsbrautum FB er rekið í dagskóla og í kvöldskóla, en í kvöldskólanum er megináherslan á verknám í húsasmíði, rafvirkjun og sjúkraliðanámi. Auk þess á skólinn sjálfseignarstofnunina Fjölval, sem rekur Sumarskóla FB í júnímánuði ár hvert (3). Kvöldskólinn gerir mörgu fullorðnu fólki kleift að ljúka starfsréttindanámi samhliða vinnu. Þá notfæra sumir nemendur sér samtímis námsframboð dag- og kvöldskóla og jafnvel Sumarskólans til að flýta fyrir sér í námi.

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara eru á vorönn 2011 alls 1966 nemendur í skólanum, 1471 í dagskóla og 495 í kvöldskóla (4). Þróunin undanfarin þrjú ár, kynjahlutföll og meðalaldur er eins og sýnt er í **töflu I** hér að neðan.

**Tafla I: Nemendafjöldi í FB á haustönn 2008 – 2010.**

Ár	Nemar alls	Dagskóli				Kvöldskóli			
		Alls	Konur	Karlar	Aldur	Alls	Konur	Karlar	Aldur
2008	2117	1340	733 (55%)	603	19,5	777	443 (57%)	334	31,2
2009	2178	1508	828 (55%)	680	19,4	670	409 (61%)	261	31,7
2010	1957	1590	850 (54%)	740	19,7	367	191 (52%)	176	31,2

Heildarfjöldi nemenda við skólann virðist nokkuð stöðugur. Þó fækkaði alls um 160 nemendur á þessum þremur árum. Í dagskóla fjölgaði um 250 nemendur, en í kvöldskólanum fækkaði verulega haustið 2010 eða um 303 nemendur (45%) frá árinu áður. Þetta var vegna 50% niðurskurðar á fjárframlögum til kvöldskólans árið 2010 (3). Á vorönn 2011 hefur aftur fjölgað nokkuð, eða í 495 nemendur í kvöldskólanum (4). FB þarf sjálfur að fjármagna rekstur kvöldskólans að einum þriðja miðað við nemendaígildi (9).

Kynjahlutföll eru nokkuð jöfn og stöðug, en konur eru ívið fleiri bæði í dagskóla og kvöldskóla. Meðalaldur í dagskóla er um 20 ár en um 11 árum hærri í kvöldskólanum.

FB er hverfissskóli og því eru flestir nemendur skólans úr Breiðholti og nágrenni. Þó draga listnámsbraut og verknámsbrautir FB líklega að sér nemendur víðar. FB er stærsti framhaldsskóli landsins ef miðað er við nemendur í dagskóla, 1517 nemendur, og kvöldskólinn er einnig fjölmennastur með 368 nemendur. Þetta eru tölur Hagstofunnar frá 21. janúar 2011 miðað við haustið 2010 (6).

Sumarskólinn í FB er sérstakt rekstrarverkefni sem skólinn tekur að sér og er skólameistari FB faglega ábyrgur fyrir skólanum. Sumarskólinn er sjálfseignarstofnun, Fjölval ses, sem nýtur engra opinberra fjárframlaga. Formaður skólanefndar FB er jafnframt formaður stjórnar Fjölvals (8). Sumarið 2010 voru 52 kennarar við Sumarskólann í FB, þar af 25 frá FB. Hinir 27 komu frá 8 skólum. Nemendur sumarið 2010 voru rúmlega 1400 úr nær öllum framhaldsskólum landsins. Fyrst og fremst er um að ræða nemendur sem eru að flýta fyrir sér í námi, en eins eru í skólanum nemendur sem vilja vinna upp áfanga sem þeir hafa fallið í. Svo eru líka nemendur úr 10. bekk sem hefur ekki gengið sem skyldi á prófum og vilja undirbúa sig betur fyrir framhaldsskólanám. Um 90 áfangar eru nú í boði við Sumarskólann og greiða nemendur sjálfir fyrir hverja einingu sem þeir kjósa að taka (5). Í júní 2010 skilaði

Sumarskólinn ríflega 6.500 námseiningum sem eru um 190 ársnemendaígildi á framhaldsskólastigi. Að sögn ríkir almenn ánægja með Sumarskólann jafnt hjá stjórnendum FB, kennurum skólans og nemendum (8).

Nokkur aukning hefur orðið í aðsókn að Sumarskólanum síðustu fimm árin, eins og sjá má af **töflu II.** (4)

**Tafla II: Fjöldi nemenda í sumarskóla FB 2006 – 2010.**

Ár	2006	2007	2008	2009	2010
Nemendur	811	1063	1136	1352	1402

Fjöldi útskrifaðra frá FB síðustu þrjú ár efri brautum og með stúdentspróf má sjá í **töflu III,** samkvæmt upplýsingum frá skólameistara (7).

**Tafla III: Fjöldi brautskráðra frá FB 2008 – 2010.**

Tegund prófs	2008		2009		2010	
	V08	H08	V09	H09	V10	H10
Stúdentspróf af félagsfræðabraut	38	28	27	23	19	28
Stúdentspróf af íþróttabraut	2	4	3	5	4	4
Stúdentspróf af málabraut	3	1	6	4	1	2
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut	13	4	4	10	7	8
Stúd.pr. af upplýsinga- og tæknibraut	2	0	4	2	1	0
Stúd.pr. af viðskipta- og hagfr.braut	2	1	5	3	7	3
Stúdentspróf af handmenntabraut	3	6	4	1	10	5
Stúdentspróf af myndlistarbraut	15	6	14	7	15	9
Handíðabraut 1 ár	12	2	11	1	2	0
Sjúkraliðar	30	25	16	13	21	36
Burtfararpróf af snyrtibraut	10	12	7	8	6	13
Burtfararpróf af húsasmiðabraut	13	10	13	12	18	18
Burtfararpróf af rafvirkjabraut	28	16	35	7	16	23
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	21	22	16	18	22	26
Starfsbraut	3	0	4	0	5	0
<b>Samtals lokapróf á önn</b>	<b>195</b>	<b>137</b>	<b>169</b>	<b>114</b>	<b>154</b>	<b>175</b>
<b>Alls á árinu</b>	<b>332</b>		<b>283</b>		<b>329</b>	

Yfirleitt útskrifast fleiri á vorönn en haustönn, nema árið 2010. Alls hafa 944 nemendur útskrifast úr FB á síðustu þremur árum eða kringum þrjúhundruð á ári.

**Tafla IV: Fjöldi brautskráðra 2008 - 2010 eftir námsflokkum (9).**

Bóknám, listnám, verknám	Fjöldi			Hlutfall útskrifaðra			
	Ár	2008	2009	2010	2008	2009	2010
Bóknámsstúdentspróf		98	96	84	30%	34%	26%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)		44	38	41	13%	13%	12%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)		187	145	199	56%	51%	60%
Starfsbraut (í sérdeild)		3	4	5	1%	1%	2%
<b>Samtals</b>		<b>332</b>	<b>283</b>	<b>329</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Hér má sjá að rúmlega helmingur útskrifast af verknámsbrautum síðustu þrjú ár, um þriðjungur með stúdentspróf af bóknámsbrautum og 12 – 13% útskrifast úr listnámi. Af starfsbraut útskrifast þrjár til fimm. Ekki verður annað séð en þessi hlutföll séu nokkuð stöðug. Þó útskrifast á síðasta ári dálítið fleiri af verknámsbrautum og færri af bóknámsbrautum, en of snemmt er að segja hvort þetta sé marktæk þróun eða ekki.

**Mat okkar** er að miðað við tölur um útskriftir nemenda frá FB virðist skólinn trúr upphaflegri stefnumörkun um að „vinna að virkri tengingu bóknáms, verknáms og listnáms á framhaldsskólastigi“.

Aðsókn að skólanum virðist stöðug og góð, undanfarin ár, bæði að kvöld- og dagskóla og kynjahlutfall sé nokkuð jafnt.

### Skólastefna og áherslur skólans

Skólanámskrá FB (almennur hluti) var samþykkt á fundi starfsfólks skólans 25. maí 2010 og formlega staðfest af skólameistara í ágúst 2010. Undirtitill skólanámskrárinnar er „Skólinn – stefna og starfshættir“. Þar segir um hlutverk FB: „Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður fjölbreytt, framsækið og skapandi nám á verknámsbrautum, listnámsbrautum og bóknámsbrautum framhaldsskóla. Við búum nemendur undir áframhaldandi nám, krefjandi störf og virka þátttöku í nútímaþjóðfélagi sem víðsýnir, ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er lykillinn að framtíðinni!“ (2).



## Hitt og Þetta ehf.

Í skólanámskránni er enn fremur gerð ýtarleg grein fyrir stefnuskrá FB sem auk hlutverks skilgreinir gildi, framtíðarsýn og meginmarkmið til næstu þriggja ára.

Gildi FB eru:

- Fjölbreytni
- Virðing
- Framsækni
- Fagmennska
- Sköpunarkraftur

Meginmarkmið til næstu þriggja ára eru þessi:

- Nám og kennsla í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti standist strangar gæðakröfur.
- Lögð verði rækt við félagsþroska nemenda og ábyrgð á eigin velferð.
- Nemendur þekki skyldur sínar og beri ábyrgð á eigin námi.
- Fram fari skoðun á námsframboði og námsuppbyggingu.
- Námsstuðningur við nemendur verði aukinn.
- Styrkja þarf tengsl skólans við ytri hagsmunaaðila og íslenskt samfélag.
- Fagleg stoðþjónusta skólans verði eflað.
- Aðstaða Fjölbrautaskólans í Breiðholti verði gjörnýtt í þágu menntunar og uppeldis.
- Stjórnun skólans verði traust og nútímaleg.

Nánar er útskýrt hvernig hverju af þessum meginmarkmiðum skuli náð. Skólanámskrána má sækja í heild á vefsíðu skólans (2), og stefnuskráin er öll birt á vefsíðu undir sérstökum flípa – Stefnuskrá (13). Ekki verður annað séð en að stefnuskrá skólans sé vandlega útfærð og aðgengileg öllu skólasamfélaginu.

Skólasamningur FB við ráðuneytið er frá júní 2010 (8). Meginmarkmið og nánari útfærsla á markmiðum skólans eru þar tekin upp sem áherslur FB, enda er skólanámskráin fylgiskjal við samninginn. Í samningnum er enn fremur tekið fram: „stefna skólans er því sett fram og útfærð í almennum hluta hennar á þann hátt að meta megi hversu vel skólanum tekst að framfylgja henni“. Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara er nú unnið að því í gæðaráði FB að skilgreina kennitölur sem nýtast við að meta árangur skólastarfsins, og munu þær taka mið af stefnu skólans og áherslum (7).

## Hitt og Þetta ehf.

Ráðuneytið setur þann fyrirvara að markmið gætu þarfnast endurskoðunar þar sem fyrirsjáanlegur niðurskurður í ríkisútgjöldum setji skólanum þröngar skorður. Skólasamningurinn er ekki birtur á vefsíðu skólans en skólameistari sendi úttektaraðilum eintak.

Allir viðmælendur í þessari úttekt sögðu að mikil vinna hefði verið unnin á síðasta skólaári við að móta skólastefnu og flestir tilgreindu að skólameistari hefði verið þar í forsvari, stefnan væri skilgreind í skólanámskránni og birt á heimsíðu skólans. Fram kom að grunngildin fimm: læsi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi starf væru viðmið í stefnunni þó svo að ekki væri minnst sérstaklega á hvert og eitt þeirra. Fagstjóri starfsbrautar tók fram að þessi gildi væru leiðarljós á starfsbrautinni.

Skólameistari upplýsti að í stefnumótunarvinnunni á síðasta ári hefði verið fjallað sérstaklega um fimm grunnþætti og átta lykilhæfniþætti menntunar og bréf ráðuneytisins frá 2009 um þetta efni og önnur gögn höfð til hliðsjónar. Sérstakur vinnuhópur fjallaði um *Almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans* í stefnumótunarvinnunni (18). Telur skólameistari að stefnuskrá FB sé „mjög í anda áhersluþátta ráðuneytisins“. Endurskoðun námskrár m.t.t. nýrra framhaldsskólalaga er ekki hafin, en í þeirri vinnu verði leitast við að finna áhersluþáttum ráðuneytisins stað í náms- og áfangalýsingum skólans (19).

Allir tóku þátt í að móta skólastefnuna og unnið var að henni alla föstudaga á síðasta skólaári: „*Slembiraðað í hópa og skipaðir hópstjórar. Þeir máttu ekki vera yfirmenn í skólanum, heldur ekki fagstjórar*“. Varðandi aðkomu nemenda að mótun stefnunnar var þeim boðin þátttaka í gegnum nemendafélagið en mætingar þeirra reyndust stopular og skólameistari sagði: „*Það voru vinnuhópar og öllum var boðið. Nemendur komu samt ekki í nægu magni í gegnum nemendafélagið. Nýttu sér ekki tækifærið eins og ég hefði viljað...Nemendafélagið er kannski frekar veikt apparat í svona stórum skóla*“. Fagstjóri starfsdeildar sagði: „*Við erum með sérstaka stefnu fyrir starfsdeildina sem fellur að skólastefnunni*“. Skólanefndin var kölluð á fund vegna vinnunnar og kom með ábendingar og gerði athugasemdir.

**Mat okkar** er að mikil og vel skipulögð vinna hafi farið fram á síðasta skólaári við að móta nýja skólastefnu og markmið.

Nýjir áhersluþættir ráðuneytisins í menntun virðast hafa verið hafðir til hliðsjónar við gerð nýrrar stefnuskrár skólans.



Allir starfsmenn skólans og nemendur hafi fengið tækifæri til að koma að mótun skólastefnunar og virðist hún því ágætlega kynnt innan skólans og aðgengileg öllu skólasamfélaginu á vefsíðu.

## Stjórnun og skipulag

Nýr skólameistari FB, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, hóf störf 1. ágúst 2009. Á haustönn 2009 var hafist handa við að móta skólanum nýja stefnu og var ný stefnuskrá skólans ásamt almennum hluta skólanámskrár samþykkt á starfsmannafundi 25. maí 2010 (3). Á haustönn 2010 var hafist handa við að vinna samkvæmt nýrri stefnu, og meðal annars var kynnt nýtt skipurit skólans. Skipuritið er birt í skólanámskrá (2) og á vefsíðu FB (15).

Yfirstjórn skólans skipa skólameistari og aðstoðarskólameistari ásamt sjö millistjórnendum. Þeir eru:

- Áfangastjóri faglegrar þjónustu
- Áfangastjóri námsstuðningsviðs
- Sviðstjóri bóknámssviðs
- Sviðstjóri heilsusviðs
- Sviðstjóri lista- og byggingasviðs
- Rekstrarstjóri
- Fjármálastjóri

Þessir stjórnendur sitja vikulega stjórnendafundi með skólameistara og aðstoðarskólameistara þar sem rædd eru ýmis stefnumál varðandi skólastarfið (3).

Úttektaraðilar fengu til skoðunar starfslýsingar fyrir: fagstjóra, fagstjóra starfsbrautar, félagsmálategymi FB, rekstrarstjóra, sviðstjóra og áfangastjóra. Þessar starfslýsingar eru allar frá maí 2010, og sumar eru ennþá í þróun (20). Ekki er hægt að staðfesta með rýni starfslýsinga hver hefur ábyrgð á sjálfsmati skólans. Starfslýsingar skólameistara og aðstoðarskólameistara voru ekki tiltækar við úttekt.

Nýr skólameistari réðist í ýmsar breytingar á stjórnskipan skólans og stöðum. Í stað kennslustjóra komu tvenns konar faglegir stjórnendur deilda og sviða. Annars vegar fagstjórar yfir deildir og hins vegar sviðsstjórar sem eru eins konar talsmenn deilda viðkomandi sviðs á vikulegum fundum í yfirstjórn skólans. Fagstjórar eru 15 og sinna verkefnisstjórn í hlutastarfi, misstóru eftir umfangi deilda. Staða sviðsstjórana er í mótun. Ráðnir voru 3 sviðsstjórar úr

## Hitt og Þetta ehf.

hópi fagstjóra, fyrir heilsusvið, lista- og byggingasvið og bóknámssvið, en jafnframt voru áfangastjórar gerðir ábyrgir hvor fyrir eitt svið, annar fyrir svið námsstuðnings og hinn fyrir svið faglegrar þjónustu (9).

Rök skólameistara fyrir því að búa til stöðu sviðsstjóra voru að henni fannst skorta á að rödd kennara heyrðist í yfirstjórn skólans og því hætta á að ekki væru ígrunduð sjónarmið þeirra við ákvarðanatöku. Hún er afar ánægð með þá breytingu sem orðið hefur og telur þetta lita alla skólamenninguna og meiri fagmennska verði ríkjandi (9).

Stöðugildi við FB eru nú 118,65 en starfsmenn eru alls 127 í starfi. Þróunina síðustu þrjú ár má sjá í **töflu V**.

**Tafla V: Stöðugildi í FB 2009 til 2011 m.v. janúar - mars.**

Stöður	2009	2010	2011
Kennarar	105	104	101,4
Bókasafn og námsráðgjöf	5,5	4,5	3,5
Annað starfsfólk	10,75	9,6	8,25
Yfirstjórn	4	5	5,5
<b>Samtals stöðugildi</b>	<b>125,25</b>	<b>123,1</b>	<b>118,65</b>

Sjá má að nokkur fækkun hefur orðið á kennurum eða um 3,5 stöðugilidi. Skýringin er fækkun fámennra hópa og stækkun námshópa almennt. Fækkað hefur í bókasafni um eitt stöðugildi og eitt í námsráðgjöf. Hjá öðru starfsfólki hefur fækkunin einungis orðið um 1,5 stöðugildi, því eitt stöðugildi færðist til þegar byrjað var að telja fjármálastjóra til yfirstjórnar. Í yfirstjórn skólans voru áður 4 einstaklingar, þ.e. skólameistari, aðstoðarskólameistari og tveir áfangastjórar. Núverandi skólameistari lét einnig fjármálastjóra koma inn í yfirstjórn. Haustið 2010, með nýju skipulagi, var ráðinn rekstrarstjóra í hálfu stöðu, en hann kom úr hópi kennara. Þannig eru nú 5,5 stöðugildi í yfirstjórn eins og taflan sýnir (9).

Tveir námsráðgjafar starfa við skólann. Þrír einstaklingar sinna umsjón kvöldskólans í hlutastarfi. Á bókasafni starfa bókasafnsfræðingar í einu og hálfu stöðugildi og fulltrúi í hálfu starfi. Húsverðir eru tveir, 3 starfsmenn eru á skrifstofu í hlutastarfi, einn sinnir ljósritun og tveir starfsmenn eru í eldhúsi. Ræsting er aðkeypt, svo og rekstur á nemendamötuneyti (8).





## Hitt og Þetta ehf.

Allir kennarar eru með kennsluréttindi utan tveir sem eru að ljúka kennsluréttindanámi. Þá eru tveir starfandi listamenn í 25% starfi á listnámsbraut (7).

Úttektaraðilum virðast þær skipulagsbreytingar sem skólameistari hefur ráðist í vel ígrundaðar. Þær eru gerðar annars vegar til að styrkja skólastarfið og hins vegar til að hagræða í rekstrinum. Fækkað hefur í starfsliði skólans um 6 – 7 stöðugildi á þremur árum á sama tíma og nemendafjöldi hefur haldist nokkuð stöðugur, eins og sýnt var hér að framan.

Flestir viðmælendur voru sammála um að skólameistari bæri ábyrgð á faglegu starfi skólans ásamt öðrum stjórnendum, fagstjórum og kennurum. Skólameistari benti á að kennarar væru sjálfstæðir sérfræðingar.

Allir viðmælendur töldu skólameistara bera ábyrgð á innra mati skólans: „*Hún hefur sett á stofn nefnd í því máli sem hún er formaður fyrir*“. Fjallað verður um innra mat í kaflanum mat á skólastarfi hér fyrir aftan.

Viðhorf stjórnenda til menntunar og endurmenntunar kennara eru jákvæð að mati viðmælenda en Stefán, áfangastjóri sagði: „*Bara hvetjum til þess. En orðið ægilega erfitt því fagfélögin komin með námskeið á skólatíma og ætlast til að við gefum frá...Tilhneiging til að koma þessu inn á veturna því erfiðara er að fá fólk á námskeið á sumrin...Ákveðin hindrun í endurmenntun kennara. Við getum ekki sent t.d. alla stærðfræðikennara á námskeið í einu í heila viku. Þá fellur niður öll kennsla hjá nemendum*“. Skólameistari sagðist vera mjög hlynnt endurmenntun kennara og sagði: „*Niðurskurður hefur ekki áhrif á endurmenntunarstefnu FB*“. Álit flestra kennara var að nýr skólameistari styddi endurmenntun og að það kæmi fram í stefnu skólans. Fagstjóri starfsbrautar sagði: „*Finnst það liggja í stefnunni að kennarar séu hvattir til að sækja sér endurmenntun. Þannig er það á starfsbraut og boðið uppá stutt námskeið...,brown bag lunch“ námskeið...stutt og skemmtileg á meðan fólk borðar matinn sinn*“. Fram kom að jákvæð afstaða stjórnenda til endurmenntunar kennara speglaðist að hluta til í lítilli starfsmannaveltu því mikill stöðugleiki ríkti í kennarahópnum.

Á vefsíðu skólans má sjá hverjir sitja í ráðum og nefndum þetta skólaárið (21, 22, 23). Á vefsíðu foreldraráðs FB er vísað í 50. gr. laga um framhaldsskóla varðandi tilgang félagsins (15), en starfsreglur eða lög foreldraráðs eru ekki birt né fundargerðir. Að sögn skólameistara eru fundargerðir í vörslu ritara foreldraráðs. Skólameistari upplýsti enn fremur að fundir í skólanefnd, skólaráði og kennarafundir væru að jafnaði tvisvar til þrisvar á önn og

## Hitt og Þetta ehf.

fundargerðir væru færðar í fundargerðarbækur. Fyrsti skólafundur var haldinn 18. mars 2011 og var allt starfsfólk og allir nemendur boðaðir. Fundargerð skólafundar liggur ekki enn fyrir. Að sögn er efni kennarafunda og niðurstöður annara funda kynnt skólanefnd (24).

Úttektaraðilum virðist sem upplýsingamiðlun af fundum ráða og nefnda þarfnist endurbóta. Í gildandi lögum um framhaldsskóla (15) og reglugerðum um skólanefnd (16) og skólaráð (17), er m.a. tekið er fram að fundargerðir eigi að „liggja frammi í skólanum“. Telja verður eðlilegt að fundargerðir skólanefndar, skólaráðs og skólafundar séu birtar á vefsíðu skólans. Þá getur allt skólasamfélagið séð að lögskipaðir fundir séu haldnir og hvaða mál séu til umræðu. Úttektaraðilar geta ekki staðfest að starfsemi ráða og nefnda sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir þar um, þar sem ekki voru tæk á að rýna fundargerðarbækur.

Varðandi aðkomu skólanefndar að skólastarfinu sagði skólameistari: „*Hún fundar reglulega. Mjög góður samráðsaðili um ýmis mál...helst fjármálin*“. Nokkrir nefndu að þeir vissu aðeins að hún fundaði með stjórnendum en vissu annars lítið um aðkomu hennar að málefnum skólans. Nokkrir nefndu að hún hefði komið á fund vegna stefnumótunar á síðasta ári en helst að hún fjallaði um fjármál skólans en hefði í raun engin völd þau væru hjá skólameistara. Fram kom hjá formanni skólanefndar að hún fundaði tíu sinnu á ári og hann sagði: „*Í lögum er hlutverk skólanefndar ekki nógu skýrt...alls ekki*“.

Varðandi upplýsingamiðlun segir skólameistari: „*Það eru stjórnendafundir einu sinni í viku, alls níu manns, á þriðjudögum. Þetta eru allir millistjórnendur...fagstjórar og áfangastjórar. Stefnumótandi mál rædd. Endanlegar ákvarðanir í höndum skólameistara. Rekstrarsjóri sér alfarið um reksturinn...það er ekkert í mínum höndum. Fundargerðir liggja frammi á kennarastofu*“. Flestir telja að upplýsingamiðlun hafi batnað verulega með tilkomu nýs skólameistara enda hafi það atriði oft verið gagnrýnt áður. Nokkrir sakna fréttapistla en nefna að einn slíkur hafi komið frá skólameistara, nýverið. Sviðstjórar og fagstjórar miðla upplýsingum af stjórnendafundum áfram í sína hópa. Kennari sem ekki er reglulega á kennarastofu segir: „*Kennarastofan er upplýsingamiðstöðin...ef maður er ekki þar missir maður kannski af tilkynningum og svona*“. Kennarar og starfsmenn eru almennt sammála um að upplýsingamiðlun sé góð og auðvelt sé að finna upplýsingar.

Mötuneyti nemenda er í fjölnotasal í nýbyggingu. Þar er boðið upp á ókeypis hafragraut á morgnanna og hádegismat á hóflegu verði. Vikulegan matseðil mötuneytis má kynna sér á vefsíðu skólans (11). Á kennarastofu er hægt að fá einfaldan hádegisverð einnig á hóflegu



## Hitt og þetta ehf.

verði. Kennarastofan gegnir mikilvægu hlutverki sem „félagsmiðstöð“ kennara. Þar hittast kennarar í ólíkum greinum og þar eru birtar tilkynningar á uppláttartöflum og málin rædd.

Bókasafnið virðist ágætlega búið bókum og öðru safnefni. Nemendur nota bókasafnið einnig sem lesstofu og eru þar sæti fyrir 85 nemendur. Þar hafa þeir aðgang að geisladiskum og tölvum til upplýsingaöflunar (12).

Viðbragðsáætlun Almanna- og Almannavarna fyrir FB er á vefsíðu skólans (25). Öryggistrúnaðarnefnd er starfandi við skólann, og í vetur var haldin rýmingaræfing í samvinnu við slökkviliðið. Áhættumat fyrir starfsemi FB samkvæmt reglugerð 920/2006 og Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins hefur ekki farið fram (44).

Umhverfisfulltrúi hefur verið tilnefndur við skólann, en umhverfisráð sem tilgreint er í skólanámskrá og stefnir að grænfánaverkefni Landverndar hefur ekki verið skipað (45).

**Mat okkar** er að skipulagsbreytingar skólameistara á síðasta ári virðast vel ígrundaðar og skynsamlegar.

Ljúka þurfi við starfslýsingar samkvæmt nýju skipuriti þannig að ábyrgð og stjórnun á öllum þáttum sé skýr og vel kynnt fyrir skólasamfélaginu.

Miðlun upplýsinga af fundum ráða og nefnda þurfi að bæta.

Gera þurfi formlegt áhættumat fyrir skólann sem fyrst.

## Ytri tengsl

Varðandi afstöðu foreldra til skólans töldu kennarar og nemendur hana yfirleitt jákvæða og við skólann starfar foreldraráð. Sumir töldu sig ekki vita mikið um afstöðuna og Stefán áfangastjóri benti á að meðalaldur nemenda í dagskólanum væri um 20 ár og þar af væru 35 dagskólanemendur 40 ára og eldri.

Viðmælendur úr hópi kennara nefndu flestir að afstaða atvinnulífsins til skólans væri mjög jákvæð varðandi iðnaðarbrautirnar, rafvirkjun, og húsasmíði enda stæðu nemendur sig vel á þessum brautum. Sjúkraliðabraut var einnig nefnd varðandi jákvæð viðhorf atvinnulífsins og listabrautin bæði af nemendum og kennurum. Stefán áfangastjóri sagði: „*Eigum við ákveðinn ímyndarvanda að stríða. Erum í miðju gettóinu...Breiðholtinu. FB er ekki skólinn fyrir bestu nemendurna þangað fara þeir sem ekki komast inn í aðra skóla. Þetta er það sem við heyrum. En hæstu nemendur á sveinsprófi í rafvirkjun og húsasmíði eru úr FB*“. Nokkrir nemendur

## Hitt og Þetta ehf.

taka undir þetta sjónarmið að FB sé hugsanlega ekki í efstu sætum varðandi bóknámskóla þegar kemur að vali á framhaldsskóla. Þó gætir tvíþentrar afstöðu því nokkrir kennarar eru gamlir nemendur í FB og foreldrar nemenda hafa margir hverjir verið í FB og bera skólanum vel söguna. Nemendur láta allir vel af skólanum sínum.

Ekki hefur verið markvisst kannað hvert nemendur leita eftir nám við FB en lítillega verið kannað hvert stúdentar fara, nemendur af Íþróttabraut og listabraut en kennarar kalla eftir því að fá upplýsingar um þetta og á döfinni er að skoða það nánar í samvinnu við rektora háskólanna. Fagstjóri starfsbrautar sagðist þekkja flesta sem þar hefðu verið og fréttu af þeim t.d. í gegnum Íþróttafélag fatlaðra. Nemandi sagði: „*Nei, veit ekki hvernig litið er á stúdentspróf héðan. Þeir sem hafa einhverja skoðun á því mega bara hafa það fyrir sig*“. Listabrautin virðist mjög vel metin og það virðist á allra vitorði.

Í könnun sem Háskóli Íslands gerði fyrir ráðuneytið á síðasta ári, 2010, á árangri nemenda úr fimm framhaldsskólum síðustu þrjú ár kom FB ágætlega út. Síðustu tvö skólaárin voru nemendur úr FB með næst hæstu meðaleinkun í HÍ af þessum fimm skólum (28).

Erlent samstarf virðist dafna vel í skólanum og nefnd voru kennara- og nemendaskipti. Leonardo, Comenius, Nordjob og Nordplus könnuðust flestir viðmælendur við eða höfðu verið þátttakendur í slíku. Sumir voru á útleið og aðrir að taka á móti gestum t.d. frá Belgíu. Samstarfið virðist ekki síst tengjast iðngreinum en einnig mikil virkni í bóknámsgreinum. Starfsbrautin hefur verið í samstarfi við skóla í Svíþjóð. Kennari segir: „*Ég var að kynna ferð til Danmerkur og líka til Belgíu fyrir mínum nemendum....alger umskipti, fyrir hrun var hringt í okkur frá meisturum sem vildu fá nemendur í vinnu sem gátu haldið á skrúfjárnri...núna ekkert hér heima svo gott að hafa tækifæri úti*“.

Á vefsíðu FB er afstöðu skólans til erlends samstarfs lýst þannig: Alþjóðleg samskipti auka víðsýni nemenda, efla skilning þeirra á mikilvægi tungumálakunnáttu og veita innsýn í líf og starf fólks í útlöndum (29).

Sérstakur umsjónamaður erlendra samskipta hefur yfirsýn yfir samskiptaverkefni skólans á hverjum tíma og miðlar upplýsingum. Undir sérstökum flípa má sjá yfirlit yfir erlend samstarfsverkefni undanfarin ár, frá 2007 (30).

**Mat okkar** er að tengsl FB við atvinnulífið séu mikil og jákvæð í gegnum iðnaðarbrautirnar og sjúkraliðanámið.

## Hitt og Þetta ehf.

Afstaða foreldra til skólans virðist yfirleitt góð enda hafa margir þeirra verið nemendur við skólann.

Erlent samstarf virðist vel skipulagt og í miklum blóma.

### **Tillögur**

- FB skrái hvernig stefnumótunarvinnan var framkvæmd þannig að aðrir skólar geti nýtt sér vinnulagið sem virðist afar skilvirkt.
- Ljúka þarf vinnu við starfslýsingar þannig að ábyrgð og stjórnun einstakra þátta sé öllum ljós.
- Bæta þarf upplýsingamiðlun af fundum ráða og nefnda.
- Gert verði formlegt áhættumat fyrir skólann.

## Skólanámskrá

### Almennur hluti og námsbrautalýsingar

Í formála að skólanámskrá FB segir skólameistari: „Í riti þessu er að finna starfsreglur Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Skólanámskráin er því eins konar handbók nemenda og kennara“ (2).

Eins og fram kemur í kaflanum um skólastefnu og áherslur skólans hér að framan er gerð ítarleg grein fyrir stefnuskrá og hlutverki FB fremst í skólanámskránni. Þar eru líka ýmsar sértækar stefnur eins og starfsmanna- og jafnréttisstefna, umhverfis og heilsustefna, gæðastefna og fleira. Oftast er vísað í Gæðahandbók starfsmanna um stefnu „í fullri lengd“ (2), en samkvæmt upplýsingum frá skólameistara er þessi gæðahandbók ekki tilbúin og útgáfuáætlun liggur ekki fyrir (33). Stefnuskrá og markmið FB úr skólanámskránni eru birt á vefsíðu, eins og áður hefur komið fram, og forvarnarstefna og umhverfis- og heilsustefna, en ekki aðrar stefnur. Af þessu virðist mega ráða að skólinn sé búinn að móta sér stefnur um flest þau málefni sem til er ætlast, þó nánari útfærslum sé ólokið í sumum tilfellum.

Í skólanámskránni eru einnig ýmsar reglur, eins og skólareglur, reglur um próf og próftöku, skólasóknarreglur og fleira, og ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir nemendur. Víða í þessum köflum er vísað á vefslóð um „nánari upplýsingar“, en þessar slóðir eru ekki virkar.

Flest það sem fjallað er um í almennum hluta skólanámskrár má einnig finna á vefsíðu FB og öfugt. Ekki er þó alltaf samræmi á milli þess sem birt er á vefsíðu og í skólanámskrá. Sem dæmi má taka *Boðleiðir athugasemda* á bls. 12 í skólanámskrá og undir flípanum *Flytleiðir – Boðleiðir athugasemda* (31), og *Skólareglur* á bls. 11 í skólanámskrá og undir flípanum *Námið – Skólareglur* (32). Þegar úttektaraðilar leituðu upplýsinga um tiltekin atriði varð því bæði að skoða vefsíðu og skólanámskrá.

Um heimasíðu skólans segir í skólanámskrá: „Heimasíða skólans er mikilvægur upplýsingamiðill fyrir alla þá sem starfa og læra í FB. Á heimasíðunni, sem er á slóðinni [www.fb.is](http://www.fb.is), má meðal annars finna, skólanámskrá með öllum skólareglum, upplýsingar frá stjórnendum og fréttir af skólastarfi. Heimasíðan er undir stjórn sérstaks umsjónarmanns og uppfærð reglulega“ (2).

## Hitt og Þetta ehf.

Skólanámskráin er þá „handbók nemenda og kennara“ en heimasíðan „upplýsingamiðill“. Þetta er gott og blessað, en svolítið ruglingslegt: Skólanámskráin er á vefsíðu skólans en vísar um nánari upplýsingar í vefsíðuna þar sem upplýsingar eru í sumum tilfellum ekki til!

Úttektaraðilum virðist sem nokkuð vanti uppá að almennur hluti skólanámskrár geti talist fullbúinn, og skýra þurfi hvað eigi heima í handbók nemenda og kennara og hvað í upplýsingamiðli. Þá ætti að gæta þess að ritstýra vefsíðunni vel til að tryggja að þar séu alltaf réttar og reglulega uppfærðar upplýsingar og að samræmi sé milli skólanámskrár og vefsíðu FB.

Sextán námsbrautalýsingar eru á vefsíðu dagskóla FB sem skiptast í: Sex námsleiðir til stúdentsprófs, þrjár til iðnnáms, tvær til starfsnáms í heilbrigðisgreinum, tvær í listnámi og þrjár í öðru námi. Brautalýsingar og áfangalýsingar virðast skýrar og aðgengilegar. Innflytjendabraut er ekki lýst (40). Fimmtán námsbrautir eru í kvöldskólanum og eru brautalýsingar skýrar og samræmdar. Starfsbraut er ekki lýst á vefsíðu (41).

Flestir viðmælendur í hópi kennara taka undir með skólameistara og telja að skólanámskrá hafi verið mótuð þó enn vanti brautalýsingar inn í hana þar sem innleiðingu nýrra laga hafi verið frestað til ársins 2015. Skólameistari bendir á að verið sé að vinna dæmabrautir fyrir rafvirkjun og sjúkraliðanám í samstarfi við aðra skóla og ráðuneytið. Stefán áfangastjóri segir að beðið sé átekta með brautalýsingarnar þar til úrvinnsla ráðuneytisins sé ljósari: „*Við viljum hafa allt á hreinu áður en við förum á fullt í þetta. Annars gætum við lent í því að hafa tvo skóla inni í einum skóla*“. Hann nefnir að iðnbrautirnar heyri undir starfsgreinaráð og þar sé allt neglt niður en hætt sé við að ef farið verði að hreyfa við einhverju þá geti það haft áhrif á þessar iðnbrautir sem hafi um þriðjung af nemendum skólans.

Nemendur segjast átta sig vel á þeim áföngum sem þeir velji en séu ekki kunnugir öðrum áföngum né skólanámskránni, yfirleitt, en telja að nemendur og foreldrar geti auðveldlega kynnt sér hana. Hún sé aðgengileg á vef skólans.

Skólameistari segir að vinnan við skólanámskrána sé ekki komin svo langt að farið sé að huga að hinum fimm grunnþáttum ráðuneytisins, sérstaklega. Kennarar telja að þeir verði allir hafðir með í mótun skólanámskrárinnar, á því leiki enginn vafi.

Í 22. gr. framhaldsskólalaga, 4. mgr., segir: „Skólanámskrá skal staðfesta af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár“

## Hitt og Þetta ehf.

(15). Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara (34) var skólanámskrá samþykkt á fundi þann 25. maí 2010 þar sem var allt starfsfólk skólans, fulltrúar nemenda og sérstakir gestir, m.a. fulltrúi skólanefndar og fulltrúar menntamálaráðuneytisins. Fundurinn var ekki kallaður skólafundur þó hann fullnægði, að sögn skólameistara, formskilyrðum nýrra framhaldsskólalaga sem slíkur. Á fyrsta fundi skólanefndar s.l. haust var skólanámskráin í endanlegri gerð síðan afhent skólanefndarfulltrúum.

Úttektaraðilar geta þó ekki staðfest að skólanámskrá hafi verið formlega staðfest af skólanefnd þar sem engar fundargerðir voru aðgengilegar þegar úttekt var gerð eða áritað eintak af skólanámskrá.

**Mat okkar** er að FB hafi gefið út prentaða skólanámskrá, en nokkuð vanti uppá að hún geti talist fullbúin.

Skýra þurfi tengsl heimasíðu og skólanámskrár og gæta samræmis þar á milli.

Brautalýsingar og áfangalýsingar virðast skýrar og aðgengilegar, og nemendur virðast átta sig vel á þeim áföngum sem þeir velja.

Vinna við nýjar námsbrautalýsingar sé ekki komin af stað.

Ekki verði séð að skólanefnd hafi formlega staðfest skólanámskrá.

## Inntökuskilyrði

Á vefsíðu FB er gerð grein fyrir inntökuskilyrðum. Þar kemur fram hvaða lágmarks skólaeinkunnar er krafist í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði á allar brautir skólans. Skýrt er tekið fram að skólameistari beri ábyrgð á inntöku nemenda í skólann og geti veitt undanþágu frá inntökuskilyrðum ef rík ástæða er fyrir hendi. Kvöldskóli FB er opin öllum einstaklingum nítján ára og eldri og gilda ekki sömu inntökuskilyrði og í dagskólann, enda eru nemendur í kvöldskólanum á eigin forsendum (36).

Undir öðrum flipa á vefsíðu er fjallað um *Innritun og umsóknir*. Þar er tilgreint að nemendur geti innritast í nám til framhaldsskólaprófs og á almenna námsbraut þrátt fyrir að einkunn í einni eða tveimur grunngreinum sé lægri en fimm. Þar er einnig tekið fram að til að innritast á innflytjendabraut þurfi að fara í viðtal hjá verkefnisstjóra innflytjendabrautar (37).



## Hitt og Þetta ehf.

FB er í samstarfi við grunnskólana í Beiðholti um almenna kynningu fyrir grunnskólanemendur sem hafa íslensku sem annað mál. eru þeir nemendur boðnir sérstaklega velkomnir á grunnskólakynninguna ásamt umsjónakennurum og námsráðgjöfum grunnskólanna. Í móttökuvíðtali eru nemendur aðstoðaðir við að útfylla innritunarblað. Kynnt er fyrir þeim einstaklingsnámskrárgerð, helstu starfshættir og reglur skólans, kennsluhættir, námsstuðningur, og ýmis önnur þjónusta í hverfinu.

Ekki verður annað séð en að FB styðji nemendur með annað móðurmál en íslensku til náms í skólanum.

Á undirsíðu á *Innritun og umsóknir* er gerð grein fyrir því að sérstök matsnefnd við skólann meti nám úr öðrum skólum og felli það að námskerfi FB eins og kostur er. Heimilt er að meta til eininga störf að félagsmálum í skólum. Innheimtir skólinn gjald fyrir þetta mat bæði í dagskóla og kvöldskóla.

Nemendur sem vilja ljúka iðnnámi við FB gefst kostur á *raunfærnimati*. Er það unnið af fagaðilum í samvinnu við kennara skólans. Nemendur geta einnig farið í *stöðupróf* og fengið viðurkennda þekkingu sína og reynslu í tiltekinni grein eða á tilteknu sviði, og stýtt þannig námstíma til lokaprófs. Stöðupróf eru haldin í Menntaskólann við Hamrahlíð í ágúst og desember á hverju ári (38).

Fram kom í viðtölum að inntökuskilyrði eru ákveðin af ráðuneytinu og yfirstjórn skólans. Ráðuneytið ákveður að 40% nemenda úr hverfi skuli teknir inn að uppfylltum skilyrðum. Fram kom að einstök tilfelli geta verið erfið en þeir sem lenda á gráu svæði lenda á borði áfangastjóra og hjá sviðsstjórum, einnig þeir sem eiga brotthættan feril að baki. Yfirleitt sé þetta vel skilgreint ferli. Inntökufarli á starfsbraut hefst í janúar og lýkur í febrúar/mars og þar fjallar sérstakt teymi um inntökuna.

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara á FB nú að taka inn a.m.k. 40% (var lækkað úr 45% í skólasamningi) af grunnskólanemendum úr Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Ölduselsskóla, Seljaskóla og Breiðholtsskóla. Forgangur tekur ekki til sérhæfðra verknáms- og listnámsbrauta (39).

**Mat okkar** er að inntökuskilyrði í FB séu í samræmi við 32. gr. framhaldsskólalaga (15) og skólasamning við ráðuneytið (8).

Sérstök áhersla sé lögð á að kynna skólann fyrir nemendum, í hverfissskólum, með annað móðurmál en íslensku.

Skólinn leggi sig fram um að sinna breiðum hópi nemenda, og taka inn nemendur sem hafa gert hlé á námi og gefi þeim færi á að ljúka náminu.

## Skipulag skólastarfsins

FB er fjölbrautaskóli með áfangakerfi og starfar bæði sem dagskóli og kvöldskóli með áherslu á bóknám, verknám og listnám. Skólaárinu er skipt í tvær annir.

**Tafla VI: Fjöldi nemenda eftir brautum síðustu sjö annir, 2008 til 2011 (9).**

Fjöldi nemenda eftir brautum								Meðalt.	Hlutfall
Tegund náms	2008V	2008H	2009V	2009H	2010V	2010H	2011V		
<b>Námsstuðningur</b>									
Almenn námsbraut - frskpróf.						49	49		
Innflytjendabraut	14	28	28	45	38	44	38		
Starfsbraut	24	28	28	33	31	32	32		
<b>Samtals</b>	<b>38</b>	<b>56</b>	<b>56</b>	<b>78</b>	<b>69</b>	<b>125</b>	<b>119</b>	<b>77.3</b>	<b>5%</b>
<b>Nám til stúdentsprófs</b>									
Félagsfræðabraut	263	244	246	260	252	265	271		
Málabraut	45	55	55	56	50	43	40		
Náttúrufræðibraut	85	90	89	113	111	125	110		
Íþróttabraut	75	95	87	116	116	132	135		
Upplýsinga- og tæknibraut	25	20	15	7	4	1	1		
Viðskiptabrautir	47	62	53	48	34	32	19		
<b>Samtals</b>	<b>540</b>	<b>566</b>	<b>545</b>	<b>600</b>	<b>567</b>	<b>598</b>	<b>576</b>	<b>570.3</b>	<b>40%</b>
<b>Iðn- og verknám</b>									
Húsasmíðabraut	100	93	111	107	89	88	69		
Rafiðnir	84	94	110	103	110	127	112		
Sjúkraliðanám	74	68	66	78	79	84	68		
Snyrtibraut	111	122	133	166	167	178	164		
Nám að loknu starfsnámi	13	8	17	14	23	23	21		
<b>Samtals</b>	<b>382</b>	<b>385</b>	<b>437</b>	<b>468</b>	<b>468</b>	<b>500</b>	<b>434</b>	<b>439.1</b>	<b>31%</b>
<b>Listnám</b>									
Handíðabraut	62	62	58	71	71	82	67		
Listnámsbraut	149	171	176	200	193	204	209		

<b>Samtals</b>	211	233	234	271	264	286	276	253.6	18%
<b>Annað nám</b>									
Ótilgreint nám	4	9	15	9	5	9	17		
Almenn námsbraut	51	79	70	96	74	63	64		
<b>Samtals</b>	55	88	85	105	79	72	81	80.7	6%
<b>Samtals</b>	<b>1226</b>	<b>1328</b>	<b>1357</b>	<b>1522</b>	<b>1447</b>	<b>1581</b>	<b>1486</b>	<b>1421</b>	<b>100%</b>
Nemendur í leyfi	51	40	51	48	49	50	58		
<b>Fjöldi virkra nemenda</b>	<b>1175</b>	<b>1288</b>	<b>1306</b>	<b>1474</b>	<b>1398</b>	<b>1531</b>	<b>1428</b>		
Nemendur í kvöldskóla	782	795	776	704	530	373	523		
<b>Samtals í skólanum</b>	<b>1957</b>	<b>2083</b>	<b>2082</b>	<b>2178</b>	<b>1928</b>	<b>1904</b>	<b>1951</b>		

Nemendur í kvöldskóla eru ekki flokkaðir á brautir. Flestir þeirra eru í verknámi, sjúkraliðanámi, rafvirkjun eða húsasmíði, ásamt tilheyrandi bóklegum greinum.

Nemendum á brautum námsstuðnings hefur fjölgað verulega frá vorönn 2008, úr 38 í 119 nemendur á vorönn 2011. Mest fjölgaði þegar almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs tók til starfa á haustönn 2010. Dálítill fjölgun hefur orðið á innflytjendabraut og stafsbraut. Alls eru nemendur í námsstuðningi um 5% af nemendum skólans.

Flestir nemendur skólans eru í námi til stúdentsprófs, eða um 570 að meðaltali á önn síðustu sjö annir. Þetta er um 40% af nemendum skólans og hefur verið nokkuð stöðugt milli ára. Um 7% fjölgun er frá vorönn 2008 til vorannar 2011. Tæplega helmingur nemenda til stúdentsprófs stunda nám á félagsfræðabraut.

Um þriðjungur nemenda skólans stundar iðn- og verknám, eða að meðaltali um 440 nemendur á önn. Ekki eru miklar sveiflur í þessum fjölda, og tæplega 14% aukning er frá haustönn 2008 til vorannar 2011. Rafiðnaðar- og snyrtibraut eru fjölmennastar.

Í listnámi er tæplega fimmtungur nemenda skólans að meðaltali á önn, eða um 250 nemendur, langflestir á listnámsbraut. Hér hefur nemendum fjölgað um 30% frá vorönn 2008 til 2011.

Ekki virðast vera óeðlilegar sveiflur í nemendafjölda í heild eða milli greina. Jafn stígandi hefur verið í aðsókn að dagskólanum síðustu árin, eða rúmlega 20% frá 2008 til 2011.

Í kvöldskólanum hafa verið miklar sveiflur, frá 373 nemendum á haustönn 2010 til 795 nemenda á haustönn 2008. Ástæðan mun vera sú að skólinn þarf sjálfur að fjármagna rekstur kvöldskólans að þriðjungi, og fær aðeins greitt fyrir 2/3 þeirra nemendaígilda sem hann skilar

## Hitt og Þetta ehf.

kvöldskólanum. Á fjárlögum 2010 var sett þak á nemendaígildafjölda í kvöldskóla og þau skorin niður um helming frá fjárlögum fyrra árs. Við það fækkaði nemendum kvöldskólans um helming frá haustönn 2009 til haustannar 2010 (9). Á vorönn 2011 eru 523 nemendur í kvöldskólanum, sem er í samræmi við áætlanir skólans og fjárlög (7).

Í könnun sem gerð var á meðal nemenda FB kom í ljós að rúmlega helmingur þeirra höfðu sótt um skólavist í FB vegna ákveðins náms sem ekki var í boði annars staðar (35). Af **töflu VI** hér að ofan virðist mega ráða hver sérstaða FB er. Um helmingur nemenda skólans sækir iðn-, verk- og listnám. Fjölmennasta brautin á vorönn 2011 er félagsfræðabraut til stúdentsprófs með 271 nemanda. Næst er listnámsbraut með 209 nemendur, þá snyrtibraut með 164 nemendur, rafiðnir með 112, og námsstuðningur með 119 nemendur.

Úttektaraðilum virðist FB ganga ágætlega að fylgja þeirri stefnu sem var mörkuð í upphafi „að vera í fararbroddi þeirra skóla er vinna að virkri tengingu bóknáms, verknáms og listnáms á framhaldsskólastigi“ (2).

**Tafla VII: Nemendaígildi og brottfall í FB frá vorönn 2008 til vorannar 2011 (9).**

	2011V	2010H	2010V	2009H	2009V	2008H	2008V
<b>Nemendaígildi í dagskóla</b>	<b>1192</b>	<b>1302</b>	<b>1207</b>	<b>1253</b>	<b>1167</b>	<b>1169</b>	<b>1083</b>
<b>Nemendaígildi í kvöldskóla</b>	167	104	209	269	287	274	293
<b>Nemendaígildi í kvöldskóla - 1/3</b>	<b>110</b>	<b>69</b>	<b>138</b>	<b>178</b>	<b>189</b>	<b>181</b>	<b>193</b>
<b>Nemendaígildi alls</b>	<b>1302</b>	<b>1371</b>	<b>1345</b>	<b>1431</b>	<b>1356</b>	<b>1350</b>	<b>1276</b>
<b>Raunígildi út úr önninni</b>	<b>1198</b>	<b>1234</b>	<b>1159</b>	<b>1253</b>	<b>1179</b>	<b>1189</b>	<b>1069</b>
<b>Brottfall</b>	8.0%	10.0%	13.8%	12.4%	13.1%	11.9%	16.2%

Í **töflu VII** má sjá að nemendaígildum FB hefur fjölgað um 27 frá vorönn 2008, en fækkað um 129 frá vorönn 2010 til vorannar 2011, en nemendaígildum er úthlutað skólum í fjárlögum hvers árs. Brottfall virðist ekki mjög sveiflukennt, og fer lækkandi ef spár skólans fyrir vorönn 2011 rætast. Áfangastjóri lýsti ákveðnum áhyggjum af brottfallinu (brotthvarfinu), en nokkuð er um að nemendur hverfi frá FB ef þeir komast inn í aðra skóla sem þeir hafa sótt um sem fyrsta val. Frá upphafi til loka annar er brottfall hugsanlega ekki nema 6% en nemendur skila sér ekki á næstu önn, „týnist milli anna“.

Starfsáætlun hvorrar annar er birt á vefsíðu. Próf á vorönn 2011 í FB hófust 1. maí og skólaslit verða 20. maí. Sæludagar voru haldnir 8. – 9. mars 2011 þó þess sé ekki getið í starfsáætlun (42). Skólaárið 2010 – 2011 eru vinnudagar nemenda 175: 146 kennsludagar (83%) og 29 prófadagar (17%) (43).

Í skólasamningi frá 2010 er þess getið að skólinn sé mjög vel nýttur miðað við nemendaígildi, og að starfskraftar skólans séu einnig vel nýttir. Meðalhópastærð kennsluhópa prófaðra nemenda í bóknámi er um 21,6, og í verknámi um 11,6 nemenda í hópi. Hópastærðir skráðra nemenda eru 22,9 og 12,4. Ef nemendafjölda í dagskóla er deilt upp í fermetrafjölda þá eru um 8,2 fm á nemanda. Telst það góð nýting ef tillit er tekið til þess hversu mörg opin rýni eru í skólanum (8).

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara hefur fjölgað í bekkjum undanfarin ár. Um hve marga er erfitt að svara, því margir áfangar eru kenndir í nokkrum hópum og mismargir nemendur eru í hverjum hópi. Skólameistari telur að nýting í áföngum sé mjög góð, í raun yfir 100% á yfirstandandi önn, vorönn 2011, sem er afar sérstakt. Ráðuneytið gerir ráð fyrir ákveðnum viðmiðunarfjölda í hverjum áfanga (25 í bóklegum áföngum, 12 í verklegum, 15 í listáföngum og 18 í tölvaáföngum). Séu þessar tölur bornar saman við veruleikann er nýtingin á vorönn 2011 að meðaltali 102%. Vorið 2008 var nýting í hópum á bilinu 95-96% að sögn áfangastjóra, sem í raun er mjög góð nýting. Kerfisbundin úttekt hefur ekki verið gerð, en þessar tölur gefa vísbendingu um þróunina (7).

Í skólasamningi við ráðuneytið fyrir 2010 – 2012 eru talin upp þrjú verkefni sem FB hefur hlotið styrki til vegna innleiðingar nýrra laga um framhaldsskóla. Eitt þessara verkefna „Útfærsla á nýjum námslínnum og aðferðum til kennslu á þrepi 3“ er samstarfsverkefni FB, Borgarholtsskóla, Menntaskólans í Kópavogi og Menntaskólans við Hamrahlíð (8). Ekki er getið um þessi verkefni á vefsíðu skólans eða í ársskýrslu skólameistara fyrir árið 2010 (3). Úttektaraðilar geta því ekki lagt mat á stöðu þessara verkefna á annan hátt en að vísa í það sem fram hefur komið hér að framan í kaflanum *Almennur hluti og námsbrautalýsingar*, að vinna við námsbrautalýsingar sé enn ekki hafin.

**Mat okkar** er að FB virðist ganga ágætlega að tengja bóknám, verknám og listnám á framhaldsskólastigi.

## Hitt og Þetta ehf.

Skólanum virðist hafa tekist að marka sér sérstöðu með námsframboði sem sumir nemendur finna ekki annars staðar.

Hefja eigi markvissa vinnu við nýjar námsbrautalýsingar hið fyrsta enda virðist þegar búið að afla nokkurra styrkja í það verkefni.

### Tillögur

- Ljúka þarf við hina prentuðu útgáfu skólanámskrár svo hún teljist fullbúin.
- Skýra þarf tengsl heimasíðu og skólanámskrár og tryggja samræmi.
- Skólanefnd þarf að samþykkja skólanámskrá.
- Skólinn verði áfram í fararbroddi skóla sem leggja áherslu á að tryggja virka tengingu bóknáms, verknáms og listnáms á framhaldsskólastigi.
- Vinna við nýjar námabrautalýsingar hefjist sem fyrst enda hefur þegar verið aflað nokkurra styrkja til verksins.



## Kennsla, námskröfur og námsmat

### Kennsla

Í stefnuskrá skólans frá ágúst 2010 kemur fram að skólinn bjóði fjölbreytt nám á veknámsbrautum, listnámsbrautum og bóknámsbrautum. Fram kemur einnig að skólinn búi nemendur undir áframhaldandi nám, krefjandi störf og virka þátttöku í nútímaþjóðfélagi sem víðsýnir, ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar (2). Þetta er í samræmi við 2.gr. laga um framhaldsskóla frá 2008 um hlutverk framhaldsskóla (15). Síðar í stefnuskránni er fjallað um kennslufræðilega stefnu skólans og þar er lögð áhersla á að boðið sé uppá nám fyrir breiðan hóp nemenda út frá grunnildum skólans: *fjölbreytni, virðing, framsækni, fagmennska og sköpunarkraftur*. Þess er ennfremur getið að nýta eigi til fulls kosti áfangakerfisins þannig að nemendur geti fundið sér nám við hæfi. „Að velja sér námsleiðir eftir áhuga, getu og metnaði er upphafið að þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi nútímans“ (2). Skólinn hefur sett sér fimm grunnildi sem hann setur í forgrunn en ekki er beinlínis minnst á fimm grunnildi ráðuneytisins en finna má sömu áherslur víða í stefnuskránni þó ekki sé fjallað um læsi né sjálfbærni með beinum hætti í stefnunni. Samræmi virðist vera í stefnu skólans og kennsluháttum.

Varðandi kennsluhætti þá telja kennarar fjölbreytni og fagmennsku einkenna þá: „Kennsluhættir eru ekki njörvaðir niður hér. Um 42% áfanga með próf í próftöflu. Annað með símati og verkefnum“. Nýting upplýsingatækni og samþætting námsgreina kemur einnig fram í svörum kennara ásamt einstaklingsmiðun. Kennarar benda á að skólinn sé fjölbrautaskóli og þar af leiði að fjölbreytni ráði ríkjum í kennsluháttum en ekki bara fyrirlestrar. Þeir benda einnig á samráð innan deilda um námsmat og aðferðir. Markmið sé að efla gagnrýna og skapandi hugsun en ekki leggja megináherslu á utanaðbókarlærdóm. Einnig sé mikilvægt að nemendur læri að setja sig í spor annarra og kunni að meta persónuleg samskipti fólks.

Nemendum finnst kennslan yfirleitt góð og vilja fáu breyta í kennsluháttum og telja meginhlutverk kennarans vera að miðla þekkingu, upplýsa og útskýra fyrir nemendum þegar þeir skilja ekki eitthvað. Þeir telja hlutverk nemandans fyrst og fremst vera að taka við því sem kennt er og vinna sjálfstætt að verkefnum sem þeim eru gefin auk þess að koma fram með skoðanir sínar. Þeir nefna hve gott sé að fá námsáætlun og geta jafnvel unnið verkefni fram í tímann. Þeim finnst að nemendur eigi ekki að trufla aðra í kennslustundum. Foreldri



## Hitt og þetta ehf.

nefnir að kostur sé að nemendur séu látnir bera ábyrgð á námi sínu sjálfir. Ábendingu til nemenda um að þeir beri ábyrgð á eigin námi má sjá á skjá í anddyri skólans.

Áfangalýsingar eru aðgengilegar og skýrar á vef skólans. Í hverri grein er farið í námsmarkmið, færni – og þjálfunaraðferðir. Námsmat kemur fram í kennsluáætlunum og vægi einstakra námsþátta.

Kennsluáætlanir eru fyrirbyggjandi í upphafi annar og skólameistari segist ganga á eftir því að þeim sé skilað inn. Stefán áfangastjóri segir: „Já, í dag eru þrjár kennsluáætlanir af 288 sem við höfum ekki fengið...en nemendur eru með. Eru ekki á neti. Trassaskapur“. Sumir kennarar dreifa einnig útprentuðum kennsluáætlunum til nemenda þó þeir séu meðvitaðir um að takmarka pappírnotkun í skólanum eins og kostur er. Nemendur telja kennsluáætlanir skipta máli en mismiklu þó. Þær eru allar birtar á vef skólans. Á starfsbraut eru einstaklingsmiðaðar kennsluáætlanir fyrir nemendur.

**Mat okkar** er að samræmi sé milli stefnu skólans og 2.gr. laga um framhaldsskóla frá 2008 varðandi hlutverk framhaldsskóla.

Skólinn hafi markað sér sérstöðu út frá eigin fimm grunngildum.

Stefna skólans komi fram í kennsluháttum.

Áhersla sé lögð á að efla gagnrýna og skapandi hugsun með kennsluháttum.

## Námskröfur og námsmat

Námsmatið kemur fram í kennsluáætlunum fyrir hvern áfanga og fellur að honum að mati flestra viðmælenda. Kennari segir: „Við setjum fram okkar kennsluáætlanir. Þar eru markmið áfangans. Í flestum tilfellum er það ljóst hvers er krafist og prófað. Farið yfir þetta í fyrsta tíma annar með öllum“. Annar segir: „Hver vika er skipulögð í námsáætlun, verkefni, próf eða annað. Allt er hluti af námsefni til lokaprófs ásamt mætingum. Símatásafangar hjá eldri nemendum, taka kafla og svo próf“. Kennarar og nemendur telja fullt samræmi milli námsmarkmiða og námsmats í öllum greinum.

Nemendur segja að á miðri hverri önn sé mat og ákveðin fjölbreytni í matinu en samt telji þeir að próf, mætingar og verkefni vegi þyngst í lokamati. Nemendur telja að námsárangur byggist á áhuga, skipulagi, ástundun og metnaði til að gera vel. Mörgum finnst skapandi starf nokkuð ráðandi í náminu en öðrum ekki. Skoðanaskipti eru oft nefnd: „Já, oft láta nemendur í sér





## Hitt og þetta ehf.

heyra...fáum stundum að ráða svolítið hvað tekið er fyrir og hvenær. Læsi? Já, náttúrufræðikennarar leggja áherslu á náttúrulæsi og í spænsku er mikið lagt uppúr spænskri menningu. Samfélagslæsi, já...ætla sjálfur í félagsfræði...ætla að skipta úr náttúrufræðibraut. Hef mun meiri áhuga á henni“. Nemandi af listabraut sagði skapandi starf vera þar áberandi og nefndi fleira: „Fór í valáfanga í umhverfisfræði. Höfum líka mannréttindaáfanga í vali“. Nokkur munur er á milli nemenda hvaða skilning þeir leggja í hugtökin skapandi starf og læsi. Í stefnu skólans þurfa fimm grunngildi ráðuneytisins að koma skýrt fram þannig að öllum séu þau ljós, kennurum og nemendum.

**Mat okkar** er að samræmi sé milli námsmarkmiða og námsmats.

Hnykkja þurfi á fimm grunngildum ráðuneytisins þannig að öllum séu ljósar áherslurnar.

## Tillögur

- Skilgreina þarf fimm grunngildi ráðuneytisins í stefnuskrá skólans, tengja þau við grunngildi skólans og hafa þau að leiðarljósi við vinnuna sem framundan er, þannig að öllum séu þau ljós.

## Félagslegt umhverfi

### Skólabragur

Allir viðmælendur voru sammála um að skólabragur FB væri góður, vinsemd og virðing einkenndi samskipti nemenda og kennara. Nemendur leituðu oft til skólans með ýmsum hætti eftir útskrift úr honum, sem kennaranemar eða útskrifaðir kennarar. Tryggð við skólann væri mikil og lítil hreyfing væri á starfsfólki hans.

Ákveðinn farvegur er fyrir ágreiningsmál og hann er skilgreindur í skólanámskránni sem samþykkt var í október 2010. Flestum var kunnugt um að skólameistari væri úrskurðaraðili í ágreiningsmálum. Nokkrir nefndu að ágreiningsmál hefðu ekki komið inn á þeirra borð en nefndu aðstoðarskólameistara ef um nemendur væri að ræða en skólameistara ef málefni kennarar væru á döfinni. Sviðstjórar og fagstjórnar voru nefndir með aðkomu að minniháttar ágreiningi.

Nemendur sögðu að þeir ættu auðvelt með að koma skoðunum sínum á framfæri við stjórnendur og kennara: „*Kennarar mjög opnir fyrir hugmyndum mínum. Og leita eftir að fá hugmyndir*“. Foreldrar geta nýtt sér foreldraráð til að setja fram skoðanir og álit. Starfsmönnum finnst þeir mættu hafa fleiri tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og einnig að gæta verði að því að þeir fái upplýsingar og gleymist ekki: „*Við á bókasafninu erum tvær...erum dálítið afskiptar...gleymumst eflaust oft*“. Allir viðmælendur sögðu að fyllsta jafnréttis væri gætt af hálfu stjórnenda í skólanum í garð allra sem þar væru.

Nær allir sögðu að andrúmsloft í skólanum væri einstaklega gott, mikil samkennd meðal kennara og starfsfólks og virðing borin fyrir nemendum. Góður andi meðal starfsfólks virðist speglast í samskiptum við nemendur sem allir sögðu að sér líði mjög vel í skólanum. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum og meðal nemenda. Ef menn fara frá FB um tíma sækjast þeir oft í að koma aftur með einhverjum hætti: „*Margir búnir að vera hérna síðan 1976/78...símtal við nemandu á fimmtudaginn...búinn að vera í öðrum skólum...ég ætla að koma hingað og klára, hér er eini skólinn sem mér er tekið eins og manni*“. Kennari sagði: „*Búinn að vera kennari hér síðan 1980. Er starfsvænn skóli, lítil starfsmannavelta, starfsandi góður. Gott að leita til annarra kennara...Erum nú með fjóra æfinganema frá Háskólanum á Akureyri...eru allir úr þessum skóla, á löngum tíma, og vilja koma hingað í æfingakennslu. Finnst þetta viðurkenning*“. Allir nemendur tala um að þeim líði vel í skólanum: „*Líður vel,*



## Hitt og Þetta ehf.

*bý nálægt og þetta er eins og lítið heimili*“. Fáeinir nemendur tala um að samskipti við kennara séu yfirleitt góð en þó misjafnlega góð enda fari það eftir hverjum og einum kennara.

Lýðræði og jafnrétti skipar háan sess í skólanum og skólameistari segir: „*Mjög mikilvægt. Er sjálf mjög upptekin af að kenna nemendum lýðræði. Er ekki einfalt ...alls ekki*“. Hún vitnaði til ágreinings sem upp kom milli nemenda og stjórnenda vegna árshátíðar á árinu 2010. Stjórnendur funduðu með nemendum: „*Ágreiningur jafnaðist. Þetta sýnir mér að þetta er hægt...og langar mig að gera þetta að kúltúr skólans. Tala saman. Er ekki búin að leggja niður fyrir mér hvernig þetta verður gert*“. Kennarar og nemendur voru sammál um að kennarinn væri verkstjórinn og réði því hvað kennt yrði á önninni en væri til viðræðna um aðferðir og fram kom að í félagsgreinum væri lögð sérstök áhersla á þessi hugtök. Kennari sagði: „*Jú, kennarar og nemendur eiga að fara eftir sínum reglum. Kennari á að vera umburðarlyndur en ekki vera svo umburðarlyndur að það skaði nemendur*“. Nemendur telja að lýðræði og jafnrétti birtist í góðum samskiptum, að virðing sé borin fyrir þeim sem nemendum og að kennarar virði samkennara sína.

**Mat okkar** er að samskipti í skólanum séu mjög góð og einkennist af virðingu og vinsemd.

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi séu virt gildi í skólastarfinu.

Gæta þurfi að því að allir hafi sama aðgang að upplýsingum og gleymist ekki.

## Námsráðgjöf og stuðningur við nemendur

Varðandi það hvort fylgst sé með líðan nemenda á markvissan hátt kemur fram hjá flestum að svo sé ekki en flestir viti þó hvert þeir geti snúið sér ef þeim líður illa. Haustið 2010 var líðan nemenda fæddra 1993 sérstaklega könnuð af Eiríki Erni Arnarsyni sálfræðingi og í kjölfarið boðið upp á námskeið í hugrænni atferlismeðferð. Umsjónakennari er oftast nefndur en bent á að í kjarasamningum sé aðeins takmarkað greitt fyrir umsjón með nemendum sem eru eldri en 18 ára og þar sé frá nemendum tekið sem hugsanlega þurfa mestan stuðninginn. Skólameistari bendir á að nemendahópurinn sé mjög blandaður. Mætingar séu tæki sem notað sé til að nálgast nemendur sem séu í vanda og þeim þá beint til námsráðgjafa sem séu tveir í 1500 nemenda skóla og starfi undir miklu vinnuálagi. Kennarar bentu á að nemendahóparnir væru orðnir mjög stórir: „*Get ekki sagt að sé markvisst...nú eru hópar svo stórir í þessum samdrætti...33 nemendur í bekk núna*“. Kennari segir: „*Það fyrsta sem gæðaráðið verður að*

## Hitt og Þetta ehf.

*sjá um...við vitum um þá sem eiga eitthvað erfitt...vegna þess að námsráðgjafar nálgast þá.....Svo eru nemendur sem hverfa alveg“.*

**Mat okkar** er að ekki sé fylgst með líðan nemenda reglubundið á markvissan hátt.

Námsárangur og mætingar séu notuð til að fylgjast með nemendum.

Kjarasamningar virðist líklegir til að draga úr þjónustu umsjónakennara við nemendur eldri en 18 ára.

Starf námsráðgjafa sé mikilvægt þegar líðan nemenda er annars vegar.

Ákveðin hætta sé á að nemendur hverfi í fjöldann.

### Einelti í skólanum

Varðandi það hvort eineltisstefna væri til fyrir FB þá sagði skólameistari að svo væri ekki en áhersla væri lögð á það í skólanámsskrá, með almennu orðalagi, að einelti væri ekki liðið innan veggja skólans. Undir þetta tóku flestir aðrir og sumir nefndu að eineltismálum væri beint til námsráðgjafa. Nefnt var að eineltismál meðal kennara hefðu komið upp en verið leyst með viðtölum við báða aðlila málsins af hálfu stjórnenda.

**Mat okkar** er að brýnt sé að skólinn móti eineltisstefnu fyrir nemendur og kennara.

### Nemendafélag

Félagslíf nemenda mætti vera öflugra að mati allra. Flestir nemendur segjast sjá kennara á skólaböllum en síður stjórnendur. Nokkrir taka engan þátt í félagslífínu enda er mikil breidd í nemendahópnum hvað varðar aldur og aðstæður. Flestir eru á því að stjórnendur hafi lokaorðið varðand félagslífið og ábyrgðina á því. Nemandi sagði: „Við erum með þrjá kennara sem halda utanum allt nemendaráðið með okkur. Við erum með nemendafélagsfund einu sinni í viku og þar eru kennarar alltaf með“.

Á vefsíðu skólans er sérstakur tengill í félagslíf skólans og þar birtast upplýsingar um ýmsar nefndir á vegum nemendafélagsins og þar er einnig getið um félagsmálateymi skólans og kennarar tilgreindir með nöfnum sem þar sitja. Hlutverk teymisins er að bera ábyrgð á að aðstoða nemendur í málefnum sem snerta félagslíf, forvarnir, hollustuhætti og umhverfismál (26).

**Mat okkar** er að skólinn taki ábyrgð á að aðstoða nemendur við verkefni nemendafélagsins.

## Forvarnarstarf

Í lögum um framhaldsskóla frá 2008, 36. gr., stendur m.a: „*Sérhver framhaldsskóli skal setja sér stefnu um forvarnir og skal sú stefna birt opinberlega*“ (15). Ekki verður annað séð en að skólinn fylgi þessu þar sem forvarnarstefna er á heimsíðu skólans ásamt umhverfis - og heilsustefnu (27).

Fram kemur á forsíðu skólans að nemendum verði send viðhorfakönnun þann 13. apríl 2011, í tölvupósti, þar sem þeir setja fram skoðun sína á aðstæðum, viðhorfum til skólans og starfsemi hans. Nafnleynd er á svörum nemenda.

Í viðtölum kom fram að sérstakur forvarnardagur er í skólanum og í ár 2011 voru fengnir utanaðkomandi aðilar til að fjalla um ýmis málefni eins og geðrækt, vímuefni og líkamsímyndir. Fólk frá Marita fjallaði um áfengisneyslu, félagar úr Alanon fjölluðu um sitt svið og Geðrækt fjallaði um sína starfsemi. Forvarnardagur er hluti af Sæluviku skólans en þá er hefðbundin kennsla brotin upp. Nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og töluðu jákvætt um forvarnir í skólanum og nefndu þátttöku kennara í forvörnum sem gott mál. Foreldraráð kemur einnig að forvörnum í skólanum.

**Mat okkar** er að farið sé að lögum varðandi forvarnarstefnu skólans og kynningu á henni.

Nemendur séu ánægðir með forvarnarstefnu skólans.

Fjölbreytni einkenni málefnin sem fjallað er um þegar forvarnir eru annars vegar.

Nemendum sé gefinn kostur á að segja álit sitt á skólahaldinu með viðhorfakönnun.

## Tillögur

- Fylgst sé með líðan nemenda á markvissan hátt og fjölbreyttari en gert hefur verið fram að þessu til að fyrirbyggja að nemendur hverfi í fjöldann. Sérstaklega er þetta mikilvægt þegar nemendahópar eru orðnir fjölmennir og kjarasamningar skerða hugsanlega þjónustu við nemendur. Ákveðin forvörn felst í þessu.
- Mikilvægt er að efla námsráðgjöf við skólann
- Skólinn þarf að móta eineltisstefnu fyrir nemendur og kennara.

## Stoðþjónusta

### Ráðgjöf og stuðningur

Meginmarkmið skólans eru tilgreind í stefnuskrá frá 2010 og þar kemur fram að stofna eigi sérstakt svið námsstuðnings. Brautirnar sem tilheyra þessu sviði eru: *starfsbraut*, *innflytjendabraut*, og *námsbraut til framhaldsskólaprófs*. Fagfólk sem tengist þessum brautum miðli þekkingu og reynslu innan sviðsins. Námsver og jafningjastuðningur er nefnt undir formerkjum námsstuðnings og ætlunin að þróa frekar. Efla á stoðþjónustu skólans m.a. með kostum áfangakerfisins, upplýsingatækni, námsstjórnarkerfinu „moodle“, bókasafnið verði betur tengt kennslu einstakra námsáfanga og reynslu af erlendum samskiptum verði miðlað til nemenda og kennara (2).

Frávik frá prófareglum eru tilgreind í stefnuskrá skólans og námsráðgjöfum skólans falið að leggja mat á möguleika og leiðir skólans til að mæta þörfum skilgreindra nemenda að fengnum umsögnum sérfæðinga, eftir atvikum. Orðrétt segir: „Fatlaðir og langveikir nemendur, nemendur með lesröskun (lestrar-og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um frávik frá hefðbundnu námsmati“ (2). Ekki verður annað séð en að skólinn uppfylli 34.gr. laga um framhaldsskóla frá 2008 um nemendur með sérþarfir og þjónustu við þá (15).

Viðmælendur töldu flestir að þjónusta við nemendur með sérþarfir eins og lesblindu, ofvirkni og þroskahamlanir væri mjög góð. Að sögn skólameistara var sett upp námsver síðstliðið haust sem hefur verið í þróun í vetur, þar starfar sérkennari í hálfu starfi og í hálfu starfi á starfsbraut. Stefán áfangastjóri sagði: „Á sviði námsstuðnings eru fjórar brautir: almenn námsbraut, almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs, starfsbraut og innflytjendabraut sem tengja saman kennarar sem sjá um sérþarfir..hafa sérþekkingu til þess. Undir þetta svið heyrir námsver á bókasafni. Námsráðgjafar sjá um þetta...kraftaverkakonurnar okkar. Það eru 266 af ca 1400 nemendum með greiningu í dag....kennarar eru ótrúlega duglegir við að hjálpa nemendum á alls konar máta“. Flestir töldu námsráðgjafana ofhlaðna stöfum og sumir nefndu að þeir veigruðu sér við að vísa nemendum á þá vegna álags. Boðleiðir eru greiðar milli námsráðgjafa og kennara vegna nemenda sem þurfa sérþjónustu. Ýmis úrræði eru í boði eins og lengri tími í prófum, lituð prófblöð, upplestur á prófum inn á DVD diska og sérstofur.

## Hitt og Þetta ehf.

Nemendur sem eiga vini sem þurfa þessa þjónustu eru kunnugir henni en aðrir segjast lítið vita um hana. Sérstök starfsbraut hefur verið starfrækt við skólann síðan 1998 og þar eru 32 nemendur. Fagstjóri starfsbrautar sagði að áhersla væri lögð á að fá aðra nemendur til að aðstoða nemendur á starfsbrautinni og það hefði gengið vel. Hún segir að nemendur kvarti ekki yfir að þeim sé sýnt virðingarleysi í skólanum. Nemandi af starfsbraut sagðist vera mjög ánægður í skólanum, eiga marga vini, kennarar væru góðir og hann hlakkaði alltaf til að fara í skólann. Áhugi hans beindist mest að tölvum og íþróttum.

Á starfsbrautinni þar sem 32 nemendur eru virðist umsjónakennarakerfið vera mjög virkt þegar kemur að líðan nemenda og inngrípum í mál þeirra. Aðrir nemendur eru meira á reiki með hvert þeir myndu snúa sér í persónulegum erfiðleikum. Flestir nefna námsráðgjafa aðrir umsjónakennara en nokkrir fjölskyldur sínar: „*Erum með tvo námsráðgjafa. Ekki...þurft að nýta mér það...en á upplýsingatöflu alltaf ljóst hvenær hægt er að hitta þá*“.

**Mat okkar** er að vel sé staðið að stoðþjónustu við nemendur með sérþarfir.

Ákveðin framtíðarsýn sé á þróun stoðþjónustu skólans í stefnuskrá hans og markmiðin skilgreind.

Of mikið vinnuálag virðist vera á námsráðgjöfum skólans.

Samvinna sérdeildar við almenna nemendur feli í sér menntunargildi og sé líkleg til að efla víðsýni allra.

Starfsdeild virðist vel rekin með tilliti til umsjónar, samvinnu og skipulags.

### **Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku**

Tekið er fram í lögum um framhaldsskóla frá 2008, 35.gr. að sérstök móttökuáætlun skuli vera til fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku (15). Í stefnuskrá skólans er fjallað um móttökuáætlun nemenda með íslensku sem annað móðurmál, mjög ítarlega, allt frá kynningu á innflytjendabraut sem svo er nefnd, í grunnskólum, til einstaklingsmiðaðrar námskrár fyrir hvern nemanda á brautinni (2).

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku er í föstum skorðum í skólanum þar sem sérstök braut tekur við þeim. Skólameistari segir: „*Erum með sérstaka innflytjendabraut. Sérstök manneskja sem sér um það. Tekur alla í einkaviðtöl við inntöku. Fá námskeið í*

## Hitt og Þetta ehf.

*íslensku og lífsleikni. Svo er þessi stöðuga umsjón...mentor umsjón af jafningjum“.* Allir viðmælendur voru kunnugir innflytjendabrautinni og margir vissu að þar væri kenndur íslenskuáfangi hannaður að þörfum nemenda á brautinni, ÍSA áfangi. Nokkrir nefndu að á brautinni væri mentor kerfi sem fælist í því að nemendur af öðrum brautum aðstoðuðu nemendur af innflytjendabraut við námið og fengju með því námseiningu eins og á starfsbrautinni. Allir töldu að vel væri tekið á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku í skólanum. Ábending kom frá kennara sem sagði: „*Mjög vel, sérstök innflytjendabraut...en vantar í kvöldskólann. Vantar ÍSA áfanga þar...Hafa verið að vinna við þetta og langar kannski í sjúkraliðanám. Lendum í vandræðum með þetta. Þær eru hvorki læsar né skrifandi á íslensku“.* Breiddin í nemendahópi skólans kemur þarna vel fram.

**Mat okkar** er að móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sé vel útfærð á innflytjendabraut skólans.

Öðrum nemendum gefist kostur á að koma inn í mentorkerfi brautarinnar sem er líklegt til að auka víðsýni og draga úr fordómum í garð þeirra sem eru á innflytjendabraut.

Mikilvægt sé að kanna viðhorf allra nemenda og kennara til innflytjendabrautar, reglubundið, með tilliti til fordóma og viðspyrnu við þeim.

### **Tillögur**

- Fram komi í stefnuskrá skólans menntunargildið sem felst í því að við skólann er sérdeild og innflytjendabraut.
- Auka þarf námsráðgjöf við skólann svo kennarar veigri sér ekki við að vísa nemendum þangað.
- Mikilvægt er að kanna viðhorf kennara og nemenda til innflytjendabrautar, reglubundið, til að sporna við fordómum.



## Mat á skólastarfi

### Innra mat og umbótastarf

Í skólasamningi FB við ráðuneytið 2010 – 2012 segir á bls. 7: „Skólanámskráin er sá grunnur sem byggt er á þegar mat er lagt á gæði skólastarfs og árangur af því. Stefna skólans er því sett fram og útfærð í almennum hluta hennar á þann hátt að meta megi hversu vel skólanum tekst að framfylgja henni“ (8).

Skólameistari segir að samkvæmt nýju skólastefnunni sem samþykkt var haustið 2010 hafi verið sett á fót gæðaráð þar sem hún hefur formennsku. Ráðið hefur fundað reglulega um áætlun til þriggja ára: „*Erum enn á óreiðustigi...að skoða hvaða modeli eða aðferðum við ætlum að byggja á. Er mjög flókið. Ætlum að gera viðhorfskönnun sjálf á vorönn...bara á netinu. Mikið af gögnum sem þarf að skoða betur og vinna úr. Eigum mikið af fyrirliggjandi gögnum. Bara að gera það sýnilegt og ræða það...það er kannski það mikilvægasta í innra matinu*“. Skólameistari segist bera ábyrgð á matinu og það segja aðrir viðmælendur einnig nema nemendur sem segjast ekki vita hvað innra mat sé. Öllum kennurum var kunnugt um gæðaráðið og hlutverk þess.

Eins og áður hefur komið fram var ekki hægt að staðfesta með rýni þeirra starfslýsinga sem tiltækar voru við úttekt hver ber formlega ábyrgð á sjálfsmatinu.

Á vefsíðu skólans og í skólanámskrá er það eina sem sagt er um sjálfsmatið þetta: „Gæðaráð skólans semur aðgerðaáætlun um sjálfsmat Fjölbrautaskólans í Breiðholti og þróar heildstætt sjálfsmatskerfi fyrir skólann. Í skólanum mun fara fram reglubundið sjálfsmat. Í gæðaráði eru auk skólameistara tveir fulltrúar kosnir á kennarafundi“. Þessir tveir fulltrúar hafa þegar verið kosnir (46).

Fagstjóri starfsbrautar segir: „*Starfsbrautin fékk fyrir nokkrum árum þróunarstyrk til að vinna að innra mati brautarinnar. Við höfðum frumkvæðið að því. Á starfsbraut förum við yfir í lok hverrar annar innra mat skv. Balanced Scorecard...fengum ráðgjöf frá IBM ráðgjöf*“. Á starfsbrautinni er unnið umbótastarf út frá innra matinu og Mind Manager er notað til að setja upp grunnþætti og lokamarkmið. Ljóst er að starfsbrautin hefur nokkra sérstöðu varðandi þróun innra mats og virðist mun lengra komin en hinn almenni skóli.



## Hitt og þetta ehf.

Varðandi það hvort matið sé unnið út frá tímaáætlun og sé kerfisbundið þá eru allir sammála um að svo verði, einnig að unnið verði umbótastarf á grundvelli matsins. Svo virðist sem kennarar geri matið að sínu og séu mjög styðjandi við gæðaráðið enda tala nokkrir um að þessi breyting frá því sem áður var sé af hinu góða.

Við þessa útekt var hvorki sjálfsmatsáætlun tiltæk né sjálfsmatsskýrslur. Aðeins liggja fyrir gögn frá fyrri tíð, hjá skólameistara, varðandi kennslumat sem framkvæmt var en er ekki á vef skólans. Þessu verður breytt með nýjum vinnubrögðum og allt birt á vefnum í framtíðinni, að sögn skólameistara.

Gæðaráð skólans var kosið á kennarafundi 1. október 2010 og hélt sinn fyrsta fund 11. nóvember sama ár. Gæðaráðið hefur því starfað í 5 - 6 mánuði, og hefur unnið ýmis konar undirbúningsvinnu og sótt fræðslufundi og ráðstefnur um gæðamál, samkvæmt upplýsingum frá skólameistara. Ætlunin var að hafa starfsmann ráðsins, en vegna bágrar fjárhagsstöðu skólans hefur ekki verið lagt í þann kostnað ennþá, sem er bagalegt og hamlandi að sögn skólameistara. Athygli vekur að starfsbrautin fékk þróunarstyrk fyrir nokkrum árum til að vinna að innra mati starfsbrautarinnar, með aðstoð sérfræðinga, og virðist ganga ágætlega með sjálfsmatið núna.

Að sögn skólameistara er gæðaráðið núna að vinna í að skilgreina kennitölur sem nýta megi til að meta árangur skólastarfsins. Eiga þær að taka mið af stefnu skólans og þeim áherslum sem lagðar eru í starfinu. Verið er að líta til fyrirmýnda í þessu efni bæði hér á landi og erlendis. Engar lykiltölur eða árangursmælikvarðar hafa verið skilgreindir ennþá (7).

Skólameistari upplýsti að leitað hefði verið í smíðju starfsdeildar í vetur og gerðar tilraunir með stefnumiðað árangursmat sem nú væri verið að meta. Síðasta verkefni gæðaráðs var að leggja viðhorfakönnun fyrir nemendur skólans. Fjöldi svara hefur borist en enn hefur ekki verið unnið úr þeim (51).

Úttektaraðilar telja mikilvægt fyrir gæðaráð FB að reyna sem fyrst að komast af óreiðustiginu, sem skólameistari orðar svo. Á tímum breytinga er innra mat gagnlegt tæki til að fylgjast með framgangi verkefna. Ráðið ætti að íhuga hvort fyrsta verk þess ætti að vera að leggja fram (einfalda) sjálfsmatsáætlun fyrir skólann.

## Hitt og Þetta ehf.

**Mat okkar** er að innra mat og umbótastarf FB samræmist engan veginn 41. gr. framhaldsskólalaga (15), reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (47), aðalnámskrá framhaldsskóla (48) og skólasamning við ráðuneytið (8).

Gæðaráð skólans hafi verið skipað en lítill árangur sé enn sýnilegur af starfinu.

Starfsbraut skólans hafi nokkra sérstöðu varðandi þróun innra mats og virðist mun lengra komin en hinn almenni skóli.

### Ytra mat

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla annast ráðuneytið ytra mat á skólum samkvæmt þriggja ára áætlun, og skal gerð úttekt á hverjum framhaldsskóla á fimm ára fresti a.m.k. (15, 42. gr.). Þetta er fyrsta úttektin af þessu tagi á FB.

Í febrúar 2010 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á innleiðingu laga um framhaldsskóla fyrir ráðuneytið, þ.m.t. í FB (49). Þar kemur m.a. fram að í um 60% skólanna er skólanámskráin að einhverju leyti í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla. Eins og kemur fram í kaflanum Skólanámskrá hér að framan gaf FB út almennan kafla skólanámskrár að nýju í ágúst 2010, en vinna við nýjar námsbrautalýsingar er ekki komin af stað. Eitthvað virðist því hafa miðað áfram, þó mikil námskrárvinna sé augljóslega eftir.

Á árunum 2007 og 2008 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 29 framhaldsskóla. Úttektirnar leiddu í ljós að í 22 skólum af 29 voru viðmið ráðuneytisins að öllu leyti uppfyllt bæði um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats (50). FB var með í þessum úttektum en niðurstöður hvers skóla koma ekki fram í þessum skýrslum. Ekki er því hægt að fjalla nánar um þessar niðurstöður hér, en eins og fram kemur hér að ofan er innra mat FB núna á byrjunarreit.

**Mat okkar** er að lítið sé ennþá fyrirliggjandi til að styðjast við um ytra mat á FB.

### Tillögur

- Skýra í starfslýsingum skólans hver er ábyrgur fyrir innra mati og umbótastarfi.
- Gæðaráð reyni sem fyrst að sýna árangur af starfinu, til dæmis með því að leggja fram sjálfsmatsáætlun fyrir skólann.
- Nýta innra matið á tímum breytinga.

## Niðurstöður höfunda

### Styrkleikar og veikleikar

#### Styrkleikar

- Skólinn sinnir breiðum hópi nemenda
- Skólinn hefur markað sér sérstöðu með námsframboði og tengingu bók-, verk- og listgreina
- Sérdeild og innflytjendabraut fela í sér víðtækt menntunargildi fyrir alla nemendur
- Ábyrgð skólameistara á faglegu starfi virðist öllum ljós
- Traust til nýs skólameistara
- Breyttir starfshættir stjórnenda
- Breyttir starfshættir innan skólans
- Upplýsingamiðlun hefur verið bætt
- Farvegur fyrir ágreiningsmál er skilgreindur í skólanámskrá
- Skólastefna hefur verið mörkuð
- Allir áttu kost á að móta skólastefnuna
- Lýðræðislega valið í starfshópa sem fjölluðu um skólastefnuna
- Grunnildin fimm: læsi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi starf eru viðmið í nýrri skólastefnu
- Brauta- og áfangalýsingar eru skýrar
- Fjölbreytt námsframboð
- Stöðugleiki í kennarahópnum
- Nemendur og kennarar eiga greiðan aðgang að stjórnendum
- Andrúmsloft í skólanum gott að mati allra viðmælenda
- Lýðræði og jafnrétti í fyrirrúmi í samskiptum
- Fjölbreyttir kennsluhættir
- Stefna skólans kemur fram í kennsluháttum
- Nemendur eru ánægðir með kennsluna
- Samræmi milli námsmarkmiða og námsmats
- Kennsluáætlanir eru fyrirliggjandi í upphafi anna
- Samráð innan deilda
- Viðhorf stjórnenda til menntunar og endurmenntunar kennara eru jákvæð



## Hitt og þetta ehf.

- Innflytjendabraut er í skólanum
- Starfsbraut er í skólanum
- Öflug námsráðgjöf
- Námsver með sérkennara er við skólann
- Stjórnendur og kennarar styðja við nemendafélagið
- Erlent samstarf er blómlegt

## Veikleikar

- Prentuð skólanámskrá er ekki fullbúin
- Óskýr tengsl heimasíðu og skólanámskrár
- Innra mati er ábótavant og engin sjálfsmatsáætlun er til
- Vinna við námsbrautalýsingar er ekki hafin
- Nemendur nýttu sér ekki nógu vel tækifæri til að hafa áhrif á skólastefnuna
- Eineltisstefna er ekki til fyrir starfsfólk annars vegar og fyrir nemendur hins vegar
- Kjarasamningar hafa veikt umsjónarkerfið
- Of margir nemendur í bekk
- Of fáir nemendur í sumum áföngum
- Ekki fylgst með líðan nemenda á markvissan hátt
- Mikið brottfall
- Nemendur geta týnst milli anna
- Skortur á sterkari bóknámsnemendum
- Slakt félagslíf
- Fordómar meðal nemenda hafa gert vart við sig
- Of mikið álag á námsráðgjafa
- Óframfærnir nemendur eiga stundum erfitt uppdáttar
- Fjölbreytt námsframboð
- Vantar ISA áfanga í kvöldskólann
- Ekki er tekið tillit til sérstöðu skólans hvað varðar fjölmenningu í hverfinu af hálfu stjórnvalda
- Skortur á fjármagni



## Tillögur að aðgerðum til úrbóta

- FB skrái hvernig stefnumótunarvinnan var framkvæmd þannig að aðrir skólar geti nýtt sér vinnulagið sem virðist afar skilvirkt.
- Ljúka þarf vinnu við starfslýsingar þannig að ábyrgð og stjórnun einstakra þátta sé öllum ljós.
- Bæta þarf upplýsingamiðlun af fundum ráða og nefnda.
- Gert verði formlegt áhættumat fyrir skólann.
- Ljúka þarf við hina prentuðu útgáfu skólanámskrá svo hún teljist fullbúin.
- Skýra þarf tengsl heimasíðu og skólanámskrár og tryggja samræmi.
- Skólanefnd þarf að samþykkja skólanámskrá.
- Skólinn verði áfram í fararbroddi skóla sem leggja áherslu á að tryggja virka tengingu bóknáms, verknáms og listnáms á framhaldsskólastigi.
- Vinna við nýjar námsbrautalýsingar hefjist sem fyrst enda hefur þegar verið aflað nokkurra styrkja.
- Skilgreina þarf fimm grunngildi ráðuneytisins í stefnuskrá skólans, tengja þau við grunngildi skólans og hafa þau að leiðarljósi við vinnuna sem framundan er, þannig að öllum séu þau ljós.
- Fylgst sé með líðan nemenda á markvissan hátt og fjölbreyttari en gert hefur verið fram að þessu til að fyrirbyggja að nemendur hverfi í fjöldann. Sérstaklega er þetta mikilvægt þegar nemendahópar eru orðnir fjölmennir og kjarasamningar skerða hugsanlega þjónustu við nemendur. Ákveðin forvörn felst í þessu.
- Mikilvægt er að efla námsráðgjöf við skólann og fjölga námsráðgjöfum.
- Skólinni þarf að móta eineltisstefnu fyrir nemendur og starfsfólk.



## Hitt og þetta ehf.

- Fram komi í stefnuskrá skólans menntunargildið sem felst í því að við skólann er sérdeild og innflytjendabraut.
- Mikilvægt er að kanna viðhorf kennara og nemenda til innflytjendabrautar, reglubundið.
- Skýra þarf í starfslýsingum skólans hver er ábyrgur fyrir innra mati og umbótastarfi.
- Gæðaráð reyni sem fyrst að sýna árangur í starfi, til dæmis með útgáfu sjálfsmatsáætlunar.
- Nýta innra mat á tímum breytinga.

## Heimildir

1. Afmælisblað Fjölbrautaskólans í Breiðholti 30 ára, 2. október 2005, bls. 8.
2. Skólanámskrá FB, ágúst 2010: <http://www.fb.is/skolinn/skolanamskra/>
3. Ársskýrsla Fjölbrautaskólans í Breiðholti 2010, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari, 24. febrúar 2011.
4. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 29.03.2011, 15:30.
5. Vefsíða – Sumarskólinn í FB/um skólann/spurt og svarað: <http://www2.fb.is/sumarskoli/content/view/182/158/>, 08.04.2011.
6. Skólamál 2011:1, útg. 21. janúar 2011: <https://hagstofa.is/?PageID=421&itemid=15275c98-7c7e-4cb6-aace-13aa5e4f3a4a>
7. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 11.04.2011, 06:38.
8. 350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti Skólasamningur 2010 – 2012, 2. júní 2010.
9. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 02.04.2011, 10:04.
10. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 13.04.2011, 09:52.
11. Vefsíða – Matseðlar í mötuneyti: <http://www.fb.is/tjonusta/foreldrarad-fb/matsedlar-i-motuneytinu/>, 14.04.2011.
12. Vefsíða – Bókasafn: <http://www.fb.is/tjonusta/bokasafn/>, 14.04.2011.
13. Vefsíða – Stefnuskra: <http://www.fb.is/skolinn/stefnuskra/>, 14.04.2011.
14. Vefsíða – Skipulag: <http://www.fb.is/skolinn/skipulag/>, 14.04.2011.
15. Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 15.04.2011.
16. Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla, nr. 132/1997: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 15.04.2011.
17. Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla, nr. 140/1997: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 15.04.2011.
18. Stefnumótun - almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans, vinnuhópur FB, 22.01 – 26.01.2010.





## Hitt og þetta ehf.

19. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 18.04.2011, 14:53.
20. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 15.04.2011, 13:20.
21. Vefsíða – Skólanefnd: <http://www.fb.is/skolinn/skolanefnd/>, 19.04.2011.
22. Vefsíða – Skólaráð: <http://www.fb.is/skolinn/skolarad/>, 19.04.2011.
23. Vefsíða – Foreldraráð: <http://www.fb.is/tjonusta/foreldrarad-fb/>, 19.04.2011.
24. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 15.04.2011, 13:23.
25. Vefsíða – Viðbragðsáætlun Almannafræðisáttanna fyrir FB, september 2009: <http://www.fb.is/wp-content/uploads/2010/12/fbvidbragd.pdf>, 19.04.2011.
26. Vefsíða – Félagslíf: <http://www.fb.is/skolinn/felagslif/>, 26.04.2011.
27. Vefsíða – Forvarnir: <http://www.fb.is/tjonusta/forvarnir/>, 26.04.2011.
28. Fréttablaðið, 20.01.2011, bls. 10: „Nemendur úr Verzló með hæstu einkunn“.
29. Vefsíða – Erlent samstarf: <http://www.fb.is/skolinn/erlent-samstarf/>, 26.04.2011.
30. Vefsíða – Yfirlit yfir erlent samstarf: <http://www.fb.is/skolinn/erlent-samstarf/yfirlit-yfir-erlent-samstarf/>, 26.04.2011.
31. Vefsíða – Boðleiðir athugasemda: <http://www.fb.is/namid/bodleidir-athugasemda/>, 26.04.2011.
32. Vefsíða – Skólareglur: <http://www.fb.is/namid/skolareglur/>, 26.04.2011.
33. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 28.03.2011, 18:11.
34. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 28.04.2011, 19:03.
35. Menntagátt – Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: <http://www.menntagatt.is/skoli/2/>, 03.05.2011.
36. Vefsíða – Inntökuskilyrði: <http://www.fb.is/namid/inntokuskilyrði/>, 03.05.2011
37. Vefsíða – Innritun og umsóknir: <http://www.fb.is/namid/innritun-og-umsoknir/>, 03.05.2011.
38. Vefsíða – Mat úr öðrum skólum: <http://www.fb.is/namid/mat-ur-odrum-skolum/>, 03.05.2011.
39. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 03.05.2011, 13:34



## Hitt og Þetta ehf.

40. Vefsíða – Námsbrautir: <http://www.fb.is/namid/namsbrautir/>, 03.05.2011.
41. Vefsíða – Kvöldskóli:  
[http://www2.fb.is/kvoldskoli/index.php?option=com\\_content&task=view&id=69&Itemid=84](http://www2.fb.is/kvoldskoli/index.php?option=com_content&task=view&id=69&Itemid=84), 03.05.2011.
42. Vefsíða – Starfsáætlanir: <http://www.fb.is/skolinn/starfsaaetlanir/> 03.05.2011.
43. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 28.04.2011, 19:04.
44. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 29.04.2011, 11:58.
45. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 19.04.2011, 17:38.
46. Vefsíða – Sjálfsmat: <http://www.fb.is/skolinn/sjalfsmat/>, 04.05.2011.
47. Reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum, nr. 700/2010:  
<http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 19.01.2011.
48. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2004: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Mmal.pdf>, 12.01.2011.
49. Könnun meðal skólameistara og rektora á innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla, HÍ febrúar 2010:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla\\_framhaldsskolar\\_loka\\_25.02.10.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla_framhaldsskolar_loka_25.02.10.pdf), 13.01.2010.
50. Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla 2007-2008 :  
heildarniðurstöður: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgafuskra/>, 04.05.2011.
51. Vefpóstur frá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur til Jóns Bergssonar, 04.05.2011, 22:26.